Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók stjórnar Félags vefnaðarvörukaupmanna 31. mars 1933 til 14. október 1939

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag vefnaðarvörukaupmanna – Stjórnarfundir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-13

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag
vefnaðarvörukaupmanna
í Reykjavík

Stjórnarfundir I.

1933 - 1939.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 31. mars 1933 var stjórnarfundur haldinn í Fjelagi vefnaðarvörukaupmanna í R.vík. Fyrir lá brjef frá Verslunarráðinu dags. 30. þ.m. ásamt frumvarpi til laga til varnar órjettmætum verslunarháttum.

Frumvarp þetta var athugað lið fyrir lið og gerðar smávægilegar orðabreytingar á þeim stöðum, að öðru leiti hafði stjórnin ekkert við frumvarpið að athuga, en álítur, að það sje til bóta, og vill leggja til að það verði samþykt.

Á fundinum mættu allir stjórnarmeðlimir að undanskildum Á. Árnasyni

Fundi slitið

Ragnar Blöndal. Jón Björnsson

Árni Árnason Hel. Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í stjórn Vefnaðarvörukaupm. í Reykjavík. Til umræðu var erindi frá Kvennadeild Verzl. fj. Merkúr um lokun sölubúða sumarmánuðina. Stjórnin var sammála um eftirfarandi: Að halda núverandi lokunarsamþykkt þó þannig að ef fj. matv. kaupm. vildi ganga inn á þá breytingu þannig að loka sölubúðum kl. 4 á laugard. mánuðina júní júlí og ágúst þá að gera slíkt hið sama.x Einnig var samþykkt að fara þess á leit við bæjarráð að breyta þannig til með lokunarreglugj. í des. að loka allan 1. des. en halda opnu síðasta laugard. fyrir Þorl. messu og 21. des. til kl. 10 e. h.. Falli Þorl. messa á sunnudag verða búðir þaraf leiðandi opnar til kl. 12 e. h. 22. des, færist þá opnunartíminn á 20. des til kl. 10 e. h. í stað 21. des. eða ávalt þannig að einn dagur sé á milli þess sem opið er til kl. 10 e. h. og kl. 12 e. h.

Eftir að búið er að ræða ofannefndar tillögur við fj. Matv. kaupm. skildi fundur haldinn að nýju til að taka fullnaðarákvörðun í þessu máli.

x Einnig kom fram tillaga um til samkomulags að loka búðum á laugard. frá 20/7 til 20/8 kl. 1 e. h.

en þá yrði engin önnur breyting gerð á núverandi reglugerð, að öðru leiti en hvað áðurnefnda desember lokun snerti.

Annað gerðist ekki á fundinum. Fundi slitið

Reykjavík 3/5 - 1933.

[illegible signature] Ragnar Blöndal

Sigríður Björnsdóttir Jón Björnsson

Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn í Fjelagi vefnaðarvörukaupmanna í R.vík að Hotel Borg. Til umræðu var undirbúningur undir almennan fjelagsfund er haldinn á mánud. 8. þ. m. og var eftirfarandi dagskrá samþykt.

1. Tilmæli um breytingu á lokunartíma sölubúða frá Kvennadeild Merkúrs. Lagt fram brjef frá Borgarstjóranum í R.vík. og tillögur stjórnarinnar í þessu máli.
2. Nýju verðtollslögin.
3. Annað er fram kann að koma.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið

R.vík 6. maí 1933

Árni Árnason Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson Sigr. Björnsdóttir

Jón Björnsson

Þann 20. júní 1933 var stjórnarfundur haldinn í Fjelagi vefnaðarvörukaupm. í Reykjavík að Hotel Borg til þess að ráða um innflutningsleyfi fyrir seinni hluta þessa árs.

Var form. fjelagsins og Axel Ketilssyni falið að tala við innflutningsnefnd og fara fram á 35% innfl. leyfi.

Á fundinum voru allir mættir nema Á. Árnason.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Ragnar Blöndal. Axel Ketilsson

Jón Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 20. nov. 1933 var stjórnarfundur haldin í Fjelagi vefnaðarvörukaupm. í Reykjavík. Fundinn sátu allir stjórnarm. að ritara A. A. undanteknum.
Til umræðu var innflutningshöftin í samb. við frumvarp það að lútandi er nú er framkomið á Alþingi.
Samþ. var að skrifa alþingi þessu viðvíkjandi.
Annað gerðist ekki á fundinum.

Stjórnarfundur var haldin að Hotel Borg fimtudaginn 7. des. 1933 í F.V.R.
Til umræðu var fundarsamþ. nefndar þeirra sem kosin var á síðasta aðalfundi til þess að athuga og koma með tillögur um útsölur. Var lögð fram tillaga undirrituð af öllum nefndarmönnum, og samþ. stjórnin ~~tva~~ að undanteknum ritara A. A. tillögunni.
Ákveðið var að boða til alm. fundar sunnud. 10. þ. m. kl. 14. að Hotel Borg.
Annað gerðist ekki á fundinum

Ragnar Blöndal
Sigríður Björnsdóttir
Jón Björnsson
Axel Ketilsson
[signature]

Mánudaginn 2. í páskum var
stjórnarfundur haldinn að Hotel
Borg kl. 16.
Fyrir fundinn lagði form. eftirf. brjef.
frá Sig. Guðmundssyni Klæðskera, úr-
sögn úr fjelaginu, og var úrsögnin
tekin til greina. Ennfremur brjef
frá nefnd kosinni af Verzl. fj. Reykjavík
þar sem þess er óskað, að F.V.R.
kjósi mann til að mæta í samb. nefnd
þessari og ræða gildandi tolla og
skattalöggjöf. og gera evt. breytingartillögur
og var Jóni Björnssyni falið að mæta
fyrir fjelagsins hönd

Stjórnarfundur var haldinn á Hotel
Borg föstudaginn 22. júní kl. 15½.
Formaður skýrði frá, að hann hafi átt tal við
innflutningsnefnd um innfl. fyrir
haustið en nefndin hafi ekki sjeð sjer
fært að gefa neinn ákveðin svör
Ennfremur var hið nýja frumvarp verzlun-
arráðsins tekið til athugunar, en engin
ákvörðun tekin.
Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal. [illegible signature]

Axel Ketilsson Sigr. Björnsdóttir

Jón Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 26. sept. 1934 var stjórnarfundur haldinn að Hotel Borg. Formaður skýrði frá, að hann hefði átt tal við innflutningsnefnd um aukinn innflutning en engu fengið áorkað þar sem þing kæmi bráðlega saman, og að líkindum gerðar gagngerðar breytingar á nefndinni. Formanni var falið að fylgjast með hvað gerðist í þessu máli. Annað gerðist ekki á fundinum.

Stjórnarfundur var haldinn að Hotel Borg þriðjudaginn 16. okt. kl. 15. Fyrir fundinum lá bréf frá Verzlunarráðinu um, að það óskaði samv. við fjelagið um ýms þau mál sem nú væru á dagskrá á alþingi og var formanni falið að mæta á fundum með verzlunarráðinu þegar þörf krefðist.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið kl. 16.

Ragnar Blöndal [signature] [signature]

Sigríður Björnsdóttir Axel Ketilsson

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þann 21. okt. 1934 var stjórnar-fundur í F.V.R. haldinn að Hotel Borg kl. 15. Lagði form. fram brjef til Verzlunarráðsins dags. 20. okt. sem svar við brjefi dagsettu 3. sama mán. vegna Gjaldeyris- og Skattafrumv. þeirra sem fram voru komin á Alþingi. Var fjelagsstjórnin brjefinu samþ. og var það því sent Verzlunarráðinu.

Annað gerðist ekki á fundinum

Ragnar Blöndal
Sigr. Björnsdóttir
Árni Árnason

Stjórnarfundur var haldinn í F.V.R. 2. nóv. 1934 kl. 15 til undirbúnings aðalfundar og var ákveðið að hann skyldi haldinn í Oddfellow-húsinu föstudaginn 9. nov. kl. 16.

Fundarefni:

1. Stjórnin skýrir frá störfum fjelagsins á liðnu ári
II Reikn. lagðir fram til samþ.
III Kosinn form. 2 meðstj. og endursk.
IV Önnur mál er fram kunna að koma á fundinum.

Annað gerðist ekki

Ragnar Blöndal
Sigr. Björnsdóttir
Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn að Hotel Borg föstudaginn 16. nov. 1934 Kl. 16. Form. lagði fram brjef frá Verzlunarráðinu ásamt frumv. til laga um að verzl. skuldir skuli fyrnast eftir 2 ár. Stjórn fjelagsins hafði ekkert á móti að skuldir fyrndust á 2 árum, og var form. falið að skrifa Verzlunarráðinu þess viðvíkjandi, og var eftirf. brjef sent verzlunarráðinu.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldinn að Hotel Borg miðvikudaginn 16. jan. 1935 kl. 15½.

Form. skýrði frá, að hann ásamt Jóni Björnssyni hefði átt tal við form. gjaldeyrisnefndar um innflutning en ekki getað fengið neinar uppl. því viðv. Form. var falið að tala við nefndina næstk. mánudag.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal.

Sigríður Björnsdóttir

[illegible] Ketilsson

Jón Björnsson

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 29. jan. 1935 var stjórnarfundur haldinn að Hotel Borg kl. 15½.

Formaður skýrði frá að hann hefði mörgum sinnum átt tal við form. gjaldeyrisnefndar en engin ákveðin svör geta fengið.

Var ákveðið að bíta stekka þar til sitast í þessari viku.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal
Sigríður Björnsdóttir
Hjalti Björnsson
Axel Ketilsson
[illegible]

Hinn 24 janúar 1935 var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg kl 15³⁰.

Formaður tilkynnti að hann hafi átt tal við formann Gjaldeyris og innflutningsnefndar um innflutningsleyfi fyrir fyrri part þessa árs, en ekki getað fengið neitt endanlegt svar þessu viðvíkjandi.

Ennfremur lagði hann fram brjef frá Verslunarráðinu ásamt frumvarpi til laga um varnir gegn vörusvikum, er það hafði fengið til umsagnar, og óskaði Verslunarráðið umsagnar fjelagsstjórnar okkar um þetta frumvarp, en þar sem frumvarp þetta er heil mikil bákn, var ekki unt að afgreiða það á þessum fundi.

Verslunarmannafjelag Rvk skrifaði fjelagi okkar brjef 19. þ. m., og bauð stjórn fjelagsins að mæta á fundi hjá sjer í kvöld til að ræða um auglýsingarstarfsemi kaupmanna og önnur þau málefni er varða verslunarstjettina í heild sinni, vegna annríkis gátu stjórnendur fjelags okkar ekki mætt á fundi þessum, en skrifuðu Verslunarmannafj. Rvk eftirfarandi brjef

„Heiðrað brjef yðar dagsett 19. þ.m, höfum við móttekið og rætt á stjórnarfundi í dag.

Stjórn fjelags vors er reiðubúin til allrar ópólitískrar samvinnu sem verslunarstjettinni mætti að gagni koma.

Vegna óhentugs fundartíma sjáum vjer oss ekki fært að mæta á fundi hjá yður í kvöld."

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal
Sigr. Björnsdóttir
Axel Ketilsson
Hjalti Björnsson
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 14. júní 1935 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Skýrði formaður frá því að hann hefði átt tal við Gjaldeyrisnefnd um innflutning fyrir haustið, en engin ákveðin svör getað fengist.

Þar sem svo áliðið er sumars, var ákveðið að kalla saman fund í fjelaginu 20. þ.m. til þess að ~~ta~~ heyra álit fjelagsmanna og þá evt. taka einhv. ákvörðun um hvað gera skuli.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir

Jón Björnsson Axel Ketilsson

[illegible signature]

Mánudaginn 8 júlí 1935 var haldin stjórnarfundur að Hótel Borg kl 15

Tilefni fundarins var það að fjelaginu hafði borist brjef frá Verslunarráði Íslands dagsett 5 júlí 1935, þar sem það tilkynnir að Doktor Krüger viðskiftaráðunautur Þýskalands á norður löndum hafi farið fram á að fá að mæta á sameiginlegum fundi með Verslunarráðinu.

Býður Verslunarráðið fjelagi okkar að senda formann fjelagsins ásamt 1-2 með stjórnendum á fund þennan. Var Jóni Björnssyni ásamt formanni fjelagsins falið að mæta á fundi þessum fyrir okkar hönd.

Annað gerðist ekki á þessum fundi

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir

Jón Björnsson Axel Ketilsson

[illegible signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 15 júlí 1935 var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg.

Samkvæmt ákvörðun Fjelagsfundar 10 júlí var þeim Haraldi Árnasyni og Þorsteini Þorsteinssyni boðið að mæta á fundinum til að taka þátt í umræðum sem þar færu fram um innflutningsmálið.

Var tekin sú ákvörðun að reyna en einu sinni að snúa sjer til Gjaldeyrisnefndar ef að það gæti orðið til þess að liðka eitthvað til með innflutning.

Annað gerðist ekki á þeim fundi

Ragnar Blöndal Sigr. Björnsdóttir

Jón Björnsson Axel Ketilsson

[illegible]

Föstudaginn 13 sept 1935 var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg.

Skýrði formaður þar frá að hann hafi átt tal við ýmsa menn úr Gjaldeyris og innflutningsnefndinni; en eftir því sem hann best vissi væri mjög litlar líkur til þess að fá breytt þeim ákvörðum nefndarinnar er teknar hefðu verið í sumar.

nefnd Þrátt fyrir þetta var ákveðið að skrifa nefndinni en einu sinni, og í þetta skifti að fara fram á ákveðna upphæð eða 5% á sama grundvelli er hefur verið reiknað með áður. Var brjef þess efnis sent nefndinni samdægurs.

Annað gerðist ekki á þeim fundi

Ragnar Blöndal Sigr. Björnsdóttir

Jón Björnsson Axel Ketilsson

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 21 sept 1935 var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg.

Voru þeir á fund þennann boðaðir L. H. Möller og Þorsteinn Þorsteinsson, sem eru varamenn í stjórninni, og þar að auki Haraldur Árnason sem samkvæmt samþykt almenns fundar 10 júlí var kjörinn ásamt Þorsteini Þorsteinssyni til þess að vera stjórn fjelagsins til aðstoðar.

Á fundi þessum var ákveðið að reyna að ná tali af fjármálaráðherra og sjá hvort það gæti orðið til þess að lítka eitthvað til með innflutning.

Annað gerðist ekki á þeim fundi

Ragnar Blöndal   Sigr. Björnsdóttir

[illegible] Björnsson   Axel Ketilsson

[illegible]

Hinn 24 sept 1935 kl 14 mætti stjórn fjelagsins að Hótel Borg.

Á fund þennan voru þeir boðaðir L. H. Möller, Þorsteinn Þorsteinsson, Haraldur Árnason og Sigurður B. Sigurðsson. Vegna annríkis gátu þeir eigi mætt Þ. Þ. og Har. Árnason.

Formaður skýrði svo frá að hann hefði náð tali af fjármálaráðherra sem hefði lofað að veita okkur viðtal þennan sama dag kl 14½.

Fór því stjórn fjelagsins ásamt L. H. Möller og Sigurði B Sigurðssyni á fund fjármálaráðherra til að ræða við hann um möguleika fyrir innflutningi.

Fjármálaráðherra gat þess að sjer væri kunnugt um að Gjaldeyrisnefndin hefði neitað beiðni okkar um 5% því að það væri eftir sinni fyrirskipan, hann gat þess ennfremur að engar líkur væru til þess að unt yrði að veita innflutningsleyfi fyrir vefnaðarvöru á þessu ári fram yfir það er veitt hefði verið.

Hann benti okkur á að til sín þýddi ekki að leita framvegis í þessum efnum, en sá rjetti aðili fyrir okkur að snúa okkur til væri Gjaldeyrisnefnd.

Að fengnum þessum svörum fór stjórn fjelagsins ásamt L. H. Möller niður á Hótel Borg og ræddu það sem að fram hefði farið hjá fjármálaráðherra, og voru menn á eitt sáttir að rjett væri en einu sinni að skrifa Gjaldeyrisnefnd og í þetta skifti fara fram á aðeins 3%

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var brjef þess efnis sent nefndinni samdægurs.
Annað gerðist ekki á þeim fundi

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir
Jón Björnsson Axel Ketilsson
[signature]

Fimtudaginn 3 okt 1935 mættust stjórn fjelagsins að Hótel Borg kl 10.

Skýrði formaður frá árangri þeim sem orðið hefði að málaleitan okkar við Gjaldeyrisnefnd um innflutning, og tilkynnti að hann hefði fengið að vita í gegnum Björn Olafsson að nefndin hefði ákveðið að veita vefnaðarvörukaupmönnum innflutningsleyfi fyrir smávöru frá Þýskalandi fyrir upphæð 1/2% byggt á sama grundvelli eins og leyfi hafi verið veitt áður.

Formaður gat þess að ekki mundi þýða að svo stöddu að fara fram á meiri innflutning á þessu ári.

Annað gerðist ekki á þessum fundi

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir
Jón Björnsson Axel Ketilsson
[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 8 nóv var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg.

Á fund þennan voru boðaðir L. H. Müller, Þorsteinn Þorsteinsson og Har. Árnason.

Jón Björnsson benti á að Gjaldeyrisnefnd hefði birt auglýsingu þess efnis að kaupmenn skyldu senda umsóknir sínar til Gjaldeyrisnefndar um innflutning fyrir fyrstu 4 mánuði ársins fyrir 15. þ.m., og var þeim H. Árnasyni, Axel Ketilssyni og Árna Árnasyni falið að tala við formann nefndarinnar eins fljótt og unt væri.

Ennfremur var tilkynnt að nefnd sú sem stóð fyrir hátíðarhöldum í tilefni af 100 ára afmæli Matthíasar Jochumssonar hafi farið fram á að vefnaðavörukaupmenn lokuðu búðum sínum þann dag frá kl 12, en sá stjórn fjelagsins sjer ekki fært um að verða við þessum tilmælum.

Á fund þennann vantaði formann fjelagsins sem var erlendis

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir
Jón Björnsson Axel Ketilsson
Árni Árnason

Föstudaginn 15 nóv var fundur haldin að Hótel Borg.

Skýrði Har. Árnason frá að hann ásamt Axel Ketilssyni og Árna Árnasyni hefði átt tal við formann Gjaldeyrisnefndar út af auglýsingu þeirri sem birt var frá nefndinni um umsóknir um innflutningsleyfi. Gat hann þess að farið hefði verið fram á við formann Gjaldeyrisnefndar að ~~kaupmenn~~ leyfin yrðu veitt til 6 mánaða í stað 4 mánaða, að kaupmenn fengu sjálfir að ákveða hvaða vörutegundir þeir keyptu frá þeim löndum er leyft væri að versla við, ennfremur að ef til kæmi að einhverjar vefnaðvörur yrðu algjörlega bannaðar, þá að fjelag okkar fengi að vera í ráði með hvaða vörur yrðu settar á bannlistan, og hafi formaður Gjaldeyrisnefndar tekið málaleitan þessari vel.

Annað gerðist ekki á þessum fundi

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir
Jón Björnsson Axel Ketilsson
Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 25 nóv, var haldinn stjórnarfundur að Hótel Borg kl 15.

Formaður skýrði frá að fjelaginu hefði borist brjef frá Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur, þar sem stjórn fjelags okkar væri boðið á fund sem að haldinn verður í kvöld, og var samþykt að mæta þar.

Ennfremur var ákveðið að boða til aðalfundar 30. þ. m. og svo látandi fundarefni samþykt

I. Formaður skýrði frá störfum fjelagsins á liðnu ári.

II Reikningar fjelagsins lagðir fram til samþyktar

III Kosinn formaður, 2 meðstjórnendur, 2 varamenn og endurskoðendur

IV Önnur mál sem fram kunna að koma á fundinum.

Annað gerðist ekki á þessum fundi

Ragnar Blöndal   Sigr. Björnsdóttir
Jón Björnsson   Axel Ketilsson
[signature]

Fimtudaginn 28 nóv mættist stjórn fjelagsins að Hótel Borg kl 15.

Lagði formaður fram brjef frá Verslunarráði Íslands dagsett 23. þ. m. ásamt afskrift af brjefi frá Gjaldeyris og innflutningsnefnd sem að Verslunarráðinu hefði borist sama dag og þar sem farið er fram á að stjórn fjelags okkar láti í ljós álit sitt um í hvaða löndum sje heppilegast að kaupa hverja vörutegund fyrir sig með tilliti til núverandi ástands.

Var Verslunarráði Ísland skrifað ýtarlega um þetta mál samdægurs.

Annað gerðist ekki á þeim fundi

Ragnar Blöndal   Sigr. Björnsdóttir
Jón Björnsson   Axel Ketilsson
[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 9 des. 1935 kl 16 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Formaður lagði fram brjef frá Verslunarráði Íslands dagsett 23 nóv síðastliðinn, þar sem farið er fram á að fjelag okkar kysi mann í nefnd til að taka þátt í störfum við að undirbúa frumvarp til laga um verslunarnám, og var formaður fjelagsins kosinn til að mæta í nefnd þessa fyrir hönd fjelagsins.

Formaður benti á að fyrir hátíðarnar væri kaupmönnum leyfilegt að hafa opnar sölubúðir sínar 2 daga fyrir Þorláksmessu til kl 22, en bjóst við að betur mundi koma sig fyrir kaupmenn og verslunarfólk yfirleitt að nota eingöngu annan daginn, og þá að hafa opið til kl 24 einsog á Þorláksmessu, var stjórnin þessu samþykk og var formanni ásamt Ragnari Þórðar falið að tala við lögreglustjóra um mál þetta, og fara fram á að verslanir fengju leyfi til að halda opnu til kl 24 laugardaginn 21. þ. m.

Formaður sagðist hafa átt tal um mál þetta við ~~formann~~ matvöru- kjöt og skókaupm~~anna~~ og væru þeir þessu samþykkir, var því ákveðið að kaupmannafjelög bæjarins birtu sameiginlega auglýsingu um þetta

Annað gerðist ekki á þessum fundi

Jón Björnsson
Sigríður Bjarnsdóttir
Ragnar Þórðarson
Árni [illegible]

Hinn 20 des 1935 kl 14 var stjórnarfunfundur haldinn að Hótel Borg.

Formaður hafði frjett, að til stæði að skipa nefnd meðal kaupmanna, og ætti nefnd þessi ásamt nefnd frá S. Í. S. að gera tillögur til Gjaldeyrisnefndar um úthlutun innflutningsleyfa.

Formaður skýrði frá að fjelagsráðsfundur yrði haldinn í Verslunarráðinu þá um eftirmiddaginn, og var fjelagsráðsmönnum falið að sjá um að vefnaðarvörukaupmannafjelagið hefði mann í áður greindri nefnd, og var formanni fjelagsins falið að mæta fyrir okkar hönd.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson
Sigríður Bjarnsdóttir
Ragnar Þórðarson
Axel Ketilsson
Árni [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 13 jan 1936 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Formaður skýrði frá, að nefnd sú er kosinn hafði verið af Verslunarráðinu til að gera tillögur til Gjaldeyrisnefndar, hefði átt með sjer marga fundi, en erfitt hafi verið að ná samkomulagi.

Formaður kom með tillögur í nefndini, þessefnis að miða innflutninginn við 50 milj ÷ 25%, og hefði þá vefnaðarvöruinnflutningurinn numið 5178000.– kr., en innflutnings og gjaldeyrisnefnd hefði aðeins ætlað 2 milj til innflutnings á þessari vöru, en ekki reyndist mögulegt að ná samkomulagi innan nefndarinar um þessa tölu. Kom þá formaður fram með aðra tillögu viðvíkjandi vefnaðarvöruinnflutningi um 4 1/2 milj. Tölur þessar byggði formaður á útreikningum hagstofunnar gegnum mörg ár, þar sem sýndi sig að innflutningur á vefnaðarvöru til landsins hafi að jafnaði verið 14–16 %.

Taldi hann mjög hæpið að hægt yrði að fá samnefndar menn sína til að ganga inn á þessar tillögur

Var formanni þakkað fyrir það sem hann væri búinn að leggja til þessara mála, og hann beðinn að halda áfram að starfa í nefndinni og reyna til að ná samkomulagi.

Formaður skýrði frá að sjer hefði borist brjef frá Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur, þar sem það tilkynnir að samþykt hefði verið á fjelagsfundi að stofna sjerstaka deild innan fjelagsins fyrir starfsfólk verslana og skrifstofufólk, og færi fram á að fjelag okkar samþykti Verslunarmannafjelag Reykjavíkur sem rjettan samningsaðila er um sameiginleg hagsmunamál verslunarfólks væri að ræða. Var ritara falið að svara brjefi þessu.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Hans Þórðarson (?)   Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal (?)   Sigríður Björnsdóttir
[signature illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 17 jan, var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Skýrði formaður frá að nefnd sú er kosinn hafði verið af Verslunarráðinu til þess að koma með tillögur til Gjaldeyrisnefndar, hefði átt með sjer marga fundi, en þar sem erfiðlega hefði gengið með að ná samkomulagi hafi hann komið með inn eina miðlunar tillögu, sem færi í þá átt að vefnaðarvöruinnflutningur yrði 3 1/2 milj í staðinn fyrir 4 1/2 milj samkvæmt fyrri tillögu hans. Inn á þetta hafi samnefndarmenn hans ekki getað gengið, og hafi Eggert Kristjánsson komið með breytingar tillögu þess efnis að lækka áætlun Gjaldeyrisnefndar þannig að

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 7 flokkur | lækki | um | kr | 1500.000.— |
| | 13 | " | " | " | 100.000.— |
| | 15 | " | " | " | 100.000.— |
| | 17 | " | " | " | 400.000.— |
| þessi lækkun | væri samtals | | | kr | 2100.000.— |
| en að hækka | 1 flokk | | um | kr | 200.000.— |
| " | 2 | " | " | " | 100.000.— |
| " | 3 | " | " | " | 200.000.— |
| " | 4 | " | " | " | 1 milj |
| " | 6 | " | " | " | 500.000.— |
| " | 12 | " | " | " | 100.000.— |

og styðjist þá lækkunar og hækkunar upphæðirnar á, en hækkun á 6 flokki komi þó aðeins til framkvæmda eftir að hinir fyrstu 4 hafi verið hækkaðir þannig að ef Gjaldeyris og innflutningsnefnd ekki vildi lækka 7, 13, 15 og 17 flokk eins og tekið er fram, þá dragist sú upphæð fyrst frá hækkun í 6 flokki, en vilji Gjaldeyris- og innflutningsnefnd ekki taka lækkunina til greina nema að nokkru leyti, þá komi fyrst til greina hækkun í 4 flokki, og að það sje ennfremur tillaga frá Verslunarráði Íslands í sambandi við hækkun í 4 flokki, að heildsölum verði einnig leyfður innflutningur á vefnaðarvöru í hlutfalli við fyrri innflutning, en þessa tillögu gat formaður fjelagsins ekki fallist á, en hjelt fast fram fyrri tillögu sinni.

Hinn 16 jan, sendi Verslunarráð Íslands og S. Í. S. sameiginlegt brjef til Gjaldeyrisnefndar, þar sem að sameiginlegar nefndir V. Í. og S. Í. S. koma sjer saman um skiftingu innflutningsleyfa milli kaupmanna annarsvegar og S. Í. S. hinnsvegar, að ef að byggja eigi á áætlun Gjaldeyrisnefndar um 2 milj kr innflutning á vefnaðarvöru, þá verði S. Í. S. og kaupfjelögum veittar kr 280.000— af heildar upphæðinni, þó tóku nefndarmenn það greinilega fram að þó gengið væri inn á þessa skiftingu á vefnaðarvöru innflutning í þetta skifti, væri það alls enginn viðurkenning fyrir því að í þessu hlutfalli ætti að úthluta innflutningsleyfum á vefnaðarvörum framvegis.

Hinar sameiginlegu nefndir V. Í. og S. Í. S. komu fram með ýmsar breytingar tillögur við áætlun Gjaldeyrisnefndar, og voru allir á eitt sáttir um það

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að rjett látt væri að hækka vefnaðarvöru innflutning til muna.

Formaður gat þess að hann hefði heyrt að Gjaldeyrisnefnd ætlaðist til þess að megnið af þeim vefnaðarvörum sem til landsins yrðu fluttar, yrði að kaupa frá Italíu, var því ákveðið að ná tali af formanni Gjaldeyrisnefndar þá næsta dag laugardaginn 18. þ. m.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson
Ragnar Blöndal
Axel Ketilsson
Sigr. Björnsdóttir
[illegible]

Hinn 24 jan 1936 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg kl 15.

Eins og getið var um í gjörðarbók 17. þ. m. fór stjórn fjelagsins á fund formanns Gjaldeyrisnefndar, til að grennslast eftir hvað hæft væri í því að vefnaðarvörur þær sem leyfðar yrði innflutningur á ætti að kaupa frá Italíu.

Formaður gjaldeyrisnefndar gat þess að íslendingar ættu nú töluverðar innistæður hjá Itölum sem ekki fengust greiddar á annan hátt enn með vörum, og bjóst við að það mundi koma niður á vefnaðarvörunni, og gat þess enfremur að líklegast mundi gjaldeyrisnefnd veita leyfin þannig að kaupmenn yrðu að kaupa vörurnar tafarlaust, og greiða hana samstundis. Var formanni Gjaldeyrisnefndar bent á að þetta væri ógjörningur, þar sem að kaupmenn væru alls ekki undir það búnir að gera innkaup frá suður löndum fyrirvaralaust, og ennfremur væru margir kaupmenn útilokaðir frá þessum viðskiftum ef greiða ætti Contant.

Formaður Gjaldeyrisnefndar gat ekki gefið nánari upplýsingar um þetta mál, en sagði að þetta mundi verða rætt nánar af Gjaldeyrisnefndinni.

Jón Björnsson sagðist hafa leitað upplýsingar um hvað gengi með veitingu innflutningsleyfa fyrir vefnaðavöru, en sagðist ekkert hafa getað fengið nánar upplýsingar því viðvíkjandi. Talað var um að kalla saman almennan fund til þess að ræða um innflutnings og gjaldeyrismálin, en var því frestað þar til að einhverjar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upplýsingar er á væri byggjandi lægju fyrir.
Annað gerðist ekki á fundinum.

Hell Bjölusson
Sigr. Björnsd. Hell Ketilsson
Ragnar ...

Stjórnarfundur var haldinn að Hótel Borg Laugardaginn 1. febr. kl 15.

Lagði formaður fram brjef frá Verslunarráðinu ásamt afriti af brjefi frá Gjaldeyris og innflutningsnefnd til Verslunarráðsins dagsett 30. f. m., þar sem Gjaldeyrisnefnd samþykkir tillögu S. F. S. og V. F. í brjefi dagsettu 16. f. m. að því leyti er snertir leyfisveitingar til S. F. S. fyrir fyrstu 4 mánuði þessa árs en í brjefi S. F. S. og V. F. er gert ráð fyrir að S. F. S. fái úthlutað 3.781500. – kr af áætluðum innflutningi sem er 33.760000. – fyrir alt árið, og ennfremur að Gjaldeyrisnefnd hafi gengið inn á tillögur þær sem getið er um í brjefi dagsettu 14 jan, þar sem gert er ráð fyrir að S. F. S. og V. F. verði á hverjum tíma gefnar upplýsingar um hin einstöku fyrirtæki sem um innflutning sækja og ennfremur ef um ný verslunarfyrirtæki sje að ræða, skuli þær umsóknir verða sendar S. F. S. og V. F. til umsagnar.

Þá var ákveðið að kalla saman almennan fund mánudaginn 10. febr. til þess að ræða um innflutningshöftin.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Hell Bjölusson
Ragnar ...
Hell Ketilsson
Sigr. Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 16 maj 1936 var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg kl 15.

Verslunarráð Íslands hafði sent formanni íslensk-ítalska verslunarsamninginn í danskri þýðingu, og lagði formaður hann fram á fundinum til þess að stjórn fjelagsins gæti kynt sjer hann.

Stjórn fjelagsins sá ekki ástæðu til að kalla saman almennan fund út af samningi þessum.

Þá minntist formaður á, að tími væri til kominn að athuga möguleika fyrir innflutningi seinni part ársins, og var honum falið að athuga hvernig best væri að snúa sjer í þessu máli

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson

Ragnar Blöndal

Sigr. Björnsd. Axel Ketilsson

[illegible]

Laugardaginn 23. maj 1936, var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg kl 15.

Lagði formaður fram fundargjörð frá Verslunarráði Íslands dagsettu 19. þ. m. þar sem að V. Í. hefur samþykkt að verða við tilmælum ríkisstjórnarinnar um að hvetja kaupmenn til þess að skrifa verslunarsamböndum sínum í Englandi og fá þau til þess að hafa áhrif á ensku ríkisstjórnina þegar hinn nýji íslensk-enski verslunarsamningur yrði tekinn til athugunar af ensku stjórninni.

Stjórn fjelagsins áleit þýðingarlaust að hvetja fjelagsmenn til þess að gera nokkuð í þessu máli, þar sem að svo áliðið væri, og enfremur vegna þess að þetta hafi verið reynt áður en árangurslaust eða lítið.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal Sigr. Björnsd.

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 26 maj. 1936, var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg kl 15.

Gat formaður þess að hann ásamt Ragnar Blöndal hefði náð tali af Birni Ólafssyni stórkaupmanni, og spurgst fyrir um leyfis-veitingar fyrir vefnaðarvöru á komandi hausti.

Bjóst Björn við, að þýðingarlaust væri að tala við nefndina að svo stöddu, þar sem að ekkert væri byrjað að athuga með vefnaðarvöru innflutning á komandi hausti.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson
Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal
Sigr. Björnsd.
[illegible]

Þriðjudaginn 9. júní 1936, var stjórnarfundur haldin að Hótel Borg kl 15.

Er voru innflutningshöftin til umræðu og skýrði formaður frá að hann ásamt Ragnari Blöndal hefði náð tali af þeim Jóni Baldvinssyni og L. Kaaber, og hafi Jón Baldvinsson tekið mjög vel í málaleitan þeirra, en Kaaber ekki getað sagt neitt að svo stöddu.

Var því formanni ásamt Ragnar Blöndal falið að halda áfram umleitunum.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson
Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal
Sigr. Björnsdóttir
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 10. ágúst 1936, var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg kl 15.

Fjelaginu hafði borist brjef frá Verslunarráðinu, þar sem það (segir) tilkynnir að Gjaldeyris- og innflutningsnefnd hafi farið þess á leit við V. Í. að það tilnefni mann eða menn til þess ásamt fulltrúa frá S. Í. S. til þess að ráðstafa ýmsum vefnaðarvöru sendingum sem leggju hjer og fluttar væru inn án leyfis Gjaldeyrisnefndar

Stjórn fjelagsins tók ekki ákvörðun um þetta mál, en var ákveðið að ræðast á fundi aftur næsta dag.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson Axel Ketilsson

Sigr. Björnsdóttir Árni Árnason

Þriðjudaginn 11. ágúst 1936, var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg kl $14^{30}$

Var nú tekið fyrir mál það frá í gær sem óafgreitt var, og var samþykkt að senda Verslunarráðinu eftirfarandi brjef.

Út af heiðruðu brjefi yðar dags. 8. þ. m. þar sem þjer tilkynnið fjelagi voru að Gjaldeyris- og innflutningsnefnd hafi farið fram á það munnlega, að ráðið tilnefni mann eða menn, ásamt fulltrúa frá S. Í. S., er taki að sjer að ráðstafa ýmsum vefnaðarvöru sendingum, sem liggja hjer á skipaafgreiðslum, en hafa verið fluttar hingað til landsins án leyfis Gjaldeyrisnefndar, þá leyfum vjer oss að taka eftirfarandi fram:

„Fjelagið telur ekki heppilegt að blanda sjer inn í þetta mál, þar sem það virðist vera verksvið Gjaldeyrisnefndar að taka ákvörðun í þessu efni, enda hjer að ræða um einkamál einstakra firma“.

Og var það sent Verslunarráðinu samdægurs

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson Axel Ketilsson

Sigr. Björnsdóttir Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 26. ágúst var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Skýrði formaður frá að hann ásamt Ragnari Blöndal hefði í lengri tíma gert ítrekaðar tilraunir til að rjetta hlut fjelagsmanna, við að vinna að auknum innflutningsleyfum og hafi þeir í því sambandi átt tal við ýmsa menn innan Gjaldeyrisnefndar, ennfremur að farið hafi verið fram á að fá samtal við nefndina í heild til að fá ákveðið svar viðvíkjandi innflutningi fyrir seinni hluta þessa árs en fengið þau svör gegnum hr. stórkaupmann Björn Ólafsson að þýðingarlaust væri að tala við nefndina í heild, þar sem enginn innflutningur á vefnaðarvöru yrði leyfður fyrst um sinn, og gat B. Ó. þess ennfremur að litlar líkur væru til þess að innflutningsleyfi yrðu veitt nema þá eitthvað frá Italíu.

Stjórnin álítur því, að ekki sje hægt að gera meira í þessu máli að svo stöddu. Ákveðið var að tilkynna fjelagsmönnum skriflega árangurinn af starfi stjórnarinnar.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson     Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal     [illegible]

Sigr. Björnsdóttir

Miðvikudaginn 16. sept. var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Þar sem engin svör hefðu komið frá Gjaldeyris og innflutningsnefnd, var ákveðið að skrifa nefndinni og fara fram á að innflutningsleyfi yrðu veitt nú þegar. Ennfremur var ákveðið að kalla saman almennan fund til þess að ræða um innflutningsmálin.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal     Axel Ketilsson

Sigr. Björnsdóttir     [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 3. okt. var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg kl 9 að morgni.

Á fundinum var mættur formaður Gjaldeyris-nefndar Skúli Guðmundsson, sem hafði óskað eftir samtali við stjórn fjelagsins.

Skýrði hann frá að búist væri við að gengi lírunnar fjelli í verði, og að S. J. F. ætti stórar upphæðir í lírum á Italíu. En þar sem fiskframleiðendur gætu ekki tekið halla þann sem fram kæmi við fall lírunnar, hefði ríkisstjórn og Gjaldeyrisnefnd orðið sammála um að bjóða fjelagi vefnaðarvörukaupmanna lírur til kaups á síðast skráð gengi fyrir c. 1/2 milj króna, og fengi fjelagið innflutningsleyfi á vefnaðarvöru fyrir þá fjárhæð gegn því að fjelagið veiti öðrum verslunum hlutdeild í innflutningsleyfum í hlutfalli við áður veitt leyfi. Eftir nánari uppgjöf frá Gjaldeyris- og innflutnings-nefnd gat S. G. þess að S. J. S. væri undir það búið að kaupa lírur á sama hátt.

Hann benti einnig á að ef fjelag vefnaðarvöru-kaupmanna ekki vildi ganga að þessu, gæti komið til mála að ríkisstjórnin tæki þær í sínar hendur, og keypti fyrir þær vefnaðarvörur.

Var stjórn fjelagsins ásátt um, að ómögulegt væri að svara þessu að svo stöddu, þar sem hún hefði ekkert umboð frá fjelagsmönnum til þess að taka svo mikilsvarðandi ákvarðanir, og fór fram á að formaður Gjaldeyrisnefndar mætti á fundi seinna sama dag með stjórn fjelagsins ásamt nefnd þeirri er kosin var á almennum fundi 18. f. m., og lofaði formaður Gjaldeyrisnefndar að verða við þeirri ósk.

Eftirfarandi spurningum var óskað eftir að fá svar við, er hann mætti á fundi seinna um daginn.

1. Eiga lírurnar að greiðast strax?
2. Er hægt að fá 1–2 % frjálsan innflutning ef samkomulag næst um líru kaupin.?
3. Hvaða áhrif hefur þetta á úthlutun næsta árs?
4. Frekari upplýsingar um hve mörg % koma í hvern hlut, og hvort það fast ákveðið um afstöðu þeirra sem strax kynnu að semja um líru-kaups til þeirra er síðar gera kröfu til hlutdeildar í þeim innflutningsleyfum sem veitt verða í þessu sambandi.?

Æskilegt væri ef til vill að mönnum væri gefinn kostur á fyrir hádegi næstkomandi mánudag að kaupa lírur fyrir alt að 7 % eftir sömu reglum og áður.

Komi það fram á hádegi að óseldur sje einhver hluti af því sem ætlað er fyrir Reykjavík, sje þeim mönnum sem lírur vilja kaupa gefinn kostur á að kaupa það sem eftir er eftir sömu hlutföllum.

Er hægt að fá ákveðnar upplýsingar um hvað gert verður við lírur þessar ef fjelag vefnaðarvörukaupmanna ekki kaupa þær?

Ákveðið var að kalla nefndina á fund seinna um daginn. Fundi slitið.

[signatures]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimtudaginn 1. Okt var stjórnarfundur haldinn á skrifstofu Ragnars Blöndal.

Skýrði hann frá að fjármálaráðherra hefði hringt til sín, og spurgt fyrir um hvort að vefnaðarvörukaupmenn væru fáanlegir til að gera fyrirspurnir til Ítalíu um verðlag á vefnaðarvöru, þar sem búist væri við að Líran fjelli í verði í hlutfalli við frankann. Var samþykt að gera þessar fyrirspurnir og tilkynna fjármálaráðherra. Annað gerðist ekki á fundinum.

Fjarverandi voru frk Sigríður Björnsdóttir og formaður Jón Björnsson sem er erlendis.

Ragnar Blöndal. Axel Ketilsson
Árni Árnason

Mánudaginn 5. Okt 1936 var fundur haldinn að Hótel Borg.

Á fundinum var mættur Dr. Oddur Guðjónsson. Sagðist hann hafa fengið fyrirspurn frá „Morgunblaðinu“ um hvernig líru-kaupum þessum væri háttað, þar sem „Morgunblaðið“ hefði hugsað sjer að skrifa um þetta mál.

Var stjórn fjelagsins ásamt Dr. Oddi Guðjónssyni ásátt um að besta væri að hreyfa ekki við þessu máli að svo stöddu, og var Jóni Kjartanssyni ritsstjóra bent á það.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal. Axel Ketilsson
Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 30. nóv var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Var ákveðið að kalla saman aðalfund í fjelaginu þriðjudaginn 8. des. 1936 kl 15 að Hótel Borg.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson
Árni Árnason
Ragnar Blöndal
Axel Ketilsson

Hinn 15. des. 1936 var stjórnarfundur haldinn í skrifstofu Jóns Björnssonar. Þetta er fyrsti fundur eftir aðalfund og kom stjórnin sjer saman um eftirf. verkaskiftingu: R. Blöndal varaform., Árni Árnason ritari, Sigr. Björnsd. gjaldkeri og Axel Ketilsson fundarstjóri á alm. fundum. Jón Björnss. var kosinn form. á aðalfundi fjelagsins 8. þ. m.

Lokun sölubúða fyrir jól var til umræðu á fundinum. Var samþ. að halda búðum opnum til Kl. 22 laugardaginn 19. þ. m. og var form. falið að ná samvinnu um þetta við form. Matvörukaupm.

Vegna yfirlýsingar Gjaldeyrisnefndar í dagbl. og útvarpi um að engum vefnaðarvöruinnfl. yrði veittur fyrstu 4 mán. næsta árs, benti R. Blöndal á að nauðsynlegt væri að ná tali af nefndinni og reyna að fá þessari ákvörðun breytt. ~~Var form. ásamt R. Bl. falið að tala við nefndina.~~

Annað gerðist ekki á fundinum.

Sigríður Björnsdóttir
Jón Björnsson
Árni Árnason
Ragnar Blöndal
Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14 jan 1937 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Lagði formaður fram brjef frá Verslunarráðinu þar sem fjelagi voru er gefin kostur á að tilnefna 2 menn í gerðardóm í verslunar iðnaðar og siglingamálum.

Reglugjörðin mælir svo fyrir að Fjelag Vefnaðarvörukaupmanna tilnefni 1 mann, og tilnefningu hlaut Árni Árnason kaupmaður og til vara Sigurður B. Sigurdsson konsúll

Var Verslunarráðinu send tilkynning þessu að lútandi.

Formaður skýrði ennfremur frá að hann hefði gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná tali af formanni Gjaldeyrisnefndar, en hann hafi verið fjarverandi í lengri tíma. Var ákveðið að ná tali af formanni ~~Gjal~~ innflutnings- og Gjaldeyrisnefndarinnar strax og hann kæmi til bæjarins.

Annað gerðist ekki á fundinum.

H. Bjönsson
Sigr. Björnsdóttir
Árni Árnason
Ragnar Blöndal.
Aðalst. Ketilsson

Stjórnarfundur var haldinn að Hótel Borg 10 febr. 1937.

Á fund þennan var boðuð nefnd sú er kosin var stjórninni til aðstoðar og varamenn í stjórn fjelagsins Jón Helgason og Þorsteinn Þorsteinsson sem ekki gátu mætt á fundinum

Fundarstjóri setti fundinn og skýrði frá að stjórn fjelagsins hefði átt tal við formann Gjaldeyrisnefndar 2. þ. m. til þess að ræða við hann um veitingu innflutningsleyfa, og las upp brjef dagsett sama dag sem afhent var formanni Gjaldeyrisnefndar, er fjelagsstjórnin fer fram á að meðal annars

1. Að fá skýrar upplýsingar um hvernig þeim 4 1/2 milj kr. innflutningsleyfa er veitt voru síðast liðið ár var skift niður á hina ýmsu aðila

2. Að nefndin nú sem allra fyrst ákveði hvern innflutning fjelagsmenn megi vænta fyrsta hálfa árið.

3. Að vefnaðavörukaupmönnum sem að frá því höftin byrjuðu hafi orðið verst úti, verði á þessu ári veittur ríflegri innflutningur enn undanfarin ár.

Formaður skýrði frá að hann hefði átt tal við Björn Ólafsson stórkaupmann, hafði hann talið líklegt að Gjaldeyrisnefnd mundi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera fáanleg til að gefa upplýsingar um nokkrar þær fyrirspurnir er fram koma í brjefinu 2. þ. m.

Formaður Verslunarmannafjelags Reykjavíkur Egill Guttormsson kom á fund þennan, og var honum bent á hvernig útlit fyrir veitingu innflutningsleyfa væru. Og var farið fram á við Egil Guttormss. að stjórn fjelags hans kysi nefnd sem færi á fund Gjaldeyrisnefndar til þess að tala við Gjaldeyrisnefnd um veitingu innflutningsleyfa til kaupmanna, og tók formaður Verslunarmannafjelags Reykjavíkur því vel.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson

Sigr. Björnsdóttir

[illegible]

Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson

Stjórnarfundur var haldinn að Hótel Borg mánudaginn 22 marz.

Á fundi þessum mætti nefnd sú er kosin var stjórninni til aðstoðar ásamt vara stjórn fjelagsins.

Vegna veikinda í bænum hafði ekki verið hægt að ná saman fundi í lengri tíma.

Formaður fjelagsins skýrði frá því að hann ásamt Ragnari Blöndal hefði mætt á fundi í Verslunarráðinu, ásamt 2-3 mönnum úr öðrum kaupmannafjelögum bæjarins og stjórn Verslunarmannafjelags Reykjavíkur.

Tilefni fundarins hefði verið erindi frá Verslunarfjelagi Reykjavíkur um lokun sölubúða o. fl.

Las hann upp tillögu Verslunarmannafjelags Reykjavíkur og einnig upplýsingar er hann hafði aflað sjer frá Kaupmannahöfn, Hamborg og Glasgow um sama efni

Ennfremur gat hann þess að 2. þ. m. hefði hann fengið skýrslu frá Gjaldeyrisnefnd um veitt vefnaðavöruinnflutningsleyfi fyrir 1936

Las hann þá skýrslu upp og benti á að stjórn fjelagsins myndi notfæra sjer hana á sem bestan hátt við umsóknir innflutningsleyfa til handa fjelagsmönnum. Var stjórninni falið að koma fram með ákveðna tillögu um lokun sölubúða

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kalla saman almennan fund hið fyrsta, og leggja þar tillögurnar fyrir fundinn svo hægt væri að taka ákvörðun um þetta mál.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson Árni Árnason

Sigr. Björnsdóttir Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson

Mánudaginn 5 apr. var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Kom stjórnin sjer saman um ákveðna tillögur viðvíkjandi tillögum Verslunarmanna fjelags Reykjavíkur,

Og var ákveðið að kalla saman almennan fund miðvikudaginn 7. þ. m. kl 15 að Hótel Borg, og bera fram tillögur stjórnarinnar til samþyktar.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson Árni Árnason

Sigr. Björnsdóttir Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 26 april, var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Formaður skýrði frá að hann ásamt Ragnari Blöndal hefðu átt fleiri fundi með mönnum úr Gjaldeyrisnefnd, og árangurinn lagi nú fyrir og það væru loforð um c. 10% innflutning reiknað á sama hátt og venjulega, og skiftist á Þýskaland og Italíu 1/3 og 2/3 frá hvoru landi.

Varaformaður skýrði frá, að hann ásamt ritara í forföllum formanns, hefðu setið fundi með nefndum úr Fjelagi matvörukaupmanna, fjelagi kjötverslana og Verslunarmannafjelaginu Reykjavíkur, og hefði samkomulag náðst meðal aðilja, og eftirfarandi brjef sent Verslunarmannafjelagi Reykjavíkur

„Hjermeð tilkynnist yður, vegna tilmala yðar um breytingu á reglugerð um lokunartíma sölubúða í Reykjavík, að

Fjelag Matvörukaupmanna
Fjelag Vefnaðarvörukaupmanna
Fjelag Kjötverslana,

geta fallist á að reglugerðinni verði breytt, og verði lokunartími sölubúða sem hjer segir:

Mánudaga, Þriðjudaga, Miðvikudaga og Fimtudaga verði búðum lokað kl. 6. sd.

Föstudaga, verði lokað kl. 8. sd.

Laugardaga, " " " 6. sd. frá 16. Sept. til 14 mai. Laugardaga, " " " 1. s.d. " 15 Mai til 15. Sept.

Sje 15. Mai laugardagur fyrir Hvítasunnu, hefst lokun kl. 1. á laugardag viku síðar.

Heimilt skal vera að opna búðir kl. 8. f. h., (er það ákvæði sett sjerstaklega með tilliti til Kjöt og Matvöruversl.)

Ofannefndur vinnutími gildi fyrir alt starfsfólk er hjá okkur vinnur, jafnt við afgreiðslustörf sem skrifstofustörf.

Ákvæði sem er í núgildandi reglugerð um að heimilt er að hafa opið til kl. 10. e. h., tvo daga fyrir jól, auk Þorláksmessu til kl. 12. e. h., óskum við að fá breytt þannig, að hafa opið til kl. 12. e. h. einn dag fyrir jól auk Þorláksmessu, og sjeu þrír virkir dagar á milli Þorláksmessu og þessa dags. Ef Þorláksmessa ber uppá Sunnudag, og þar afleiðandi verði opið til kl. 12. e. h. á laugardag, þá verði fyrri dagurinn Þriðjudagur.

Að lokum skal hjer frekar árjettað munnlegt samtal við stjórn Verslunarmannafjelags Reykjavíkur, um að stjórn Verslunarmannafjelags Reykjavíkur, geri einnig sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir hina ólöglegu sölu sem vitað er að fer fram á ýmsum stöðum eftir að búið er að loka verslunum.

Reykjavík 20. April 1937.

Fjelag Matvörukaupmanna í R.vk. Fjelag Kjötverslana í R.vk.
Fjelag Vefnaðarvörukaupmanna í R.vk.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur þessar hafa verið bornar fram við bæjarráð og bæjarstjórn og búist við að þær verði óbreyttar samþykktar.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson   Sigríður Björnsdóttir

Ragnar Blöndal   Axel Ketilsson

[signature]

Þriðjudaginn 27. júlí var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Fyrir fundinum lá að taka ákvörðun um kosningu til Verslunarráðsins.

Samþykkt var með atkvæðum fundarstjóra, gjaldkera, og ritara að kjósa Jón Björnsson, Ragnar Blöndal og Richard Thors, og var ritara falið að senda atkvæða seðla fjelagsins til kjörstjóra Verslunarráðsins.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson   Sigríður Björnsdóttir

Ragnar Blöndal   Axel Ketilsson

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Ágúst var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Formaður skýrði frá því að hann ásamt varaformanni hefði átt tal við Kaaber bankastjóra um væntanleg innflutningsleyfi á þessu ári en engin ákveðin svör getað fengið, þar sem einn Gjaldeyrisnefndar maður Jón Baldvinsson var erlendis og enginn maður í hans stað í Gjaldeyrisnefnd, var stjórnin sammála um að bíða átekta en nokkra daga því að búist var við Jóni Baldvinssyni til bæjarins innan skamms. Annað gerðist ekki á fundinum

Jón Björnsson   Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson   Sigr. Björnsdóttir

[signature]

14. Sept var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Formaður skýrði frá að engin endanleg svör hefðu fengist frá formanni Gjaldeyrisnefndar viðvíkjandi innflutningi fyrir þetta ár.

Var því ákveðið að stjórn fjelagsins færi á fund formanns Gjaldeyrisnefndar við fyrsta tækifæri.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson   Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal   Sigríður Björnsdóttir

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Sept mætti stjórn fjelagsins hjá formanni Gjaldeyrisnefndar og afhenti honum svohljóðandi brjef og óskaði eftir að það yrði lagt fyrir Gjaldeyrisnefnd á næsta fundi hennar

„Hjermeð leyfum vjer oss að sækja um gjaldeyris og innflutningsleyfi fyrir fjelagsmenn vora, fyrir tímabilið til 1. Jan 1938, þar sem vér teljum, að útlit hafi batnað svo, um milliríkjaviðskifti, að líkur sjeu til þess, að það sje hægt, enda hefur vörugrein vor verið svo afskift um innflutning yfirleitt, að oss þykir líklegt, að nefndinni sje nú ljúft að rjetta hlut vorn.

Þar sem nú er mjög liðið á árið, væri nauðsynlegt, að leyfin væru bundin og á Þýskaland.

Að fá nú leyfi á Italíu mundi vart koma að nokkrum notum þetta ár. —

Um leið og vjer vonum að nefndin geri sitt besta í þessum efnum, leyfum vjer oss að vænta heiðr. svars yðar hið allra fyrsta —"

Formaður Gjaldeyrisnefndar taldi mjög litlar líkur á að nefndin sæi sjer fært að veita meiri innflutningsleyfi fyrir vefnaðavöru á þessu ári, en sjálfsagt væri að leggja brjef fjelagsins fyrir næsta fund nefndarinnar.

Annað gerðist ekki á fundinum

Jón Björnsson     Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal     Sigr. Björnsdóttir
[illegible]

16. Sept. var stjórnarfundur haldinn á skrifstofu formanns.

Skýrði hann frá því að hann þyrfti að fara af landi burt nokkurn tíma.

Varaformaður baðst undan störfum fyrst um sinn vegna anna, og var fundarstjóra Axel Ketilssyni falið að annast störf formanns í fjarveru hans.

Var ritara falið að ná tali af Jóni Baldvinss. strax og hann kæmi heim, og ræða við hann um væntanleg innflutningsleyfi.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson     Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal     Sigr. Björnsdóttir
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Okt. mættist stjórn fjelagsins ásamt vara stjórn og nefndarmönnum á Hótel Borg.

Varaformaður skýrði frá að formaður væri erlendis og að hann (varaform.) hefði beðist undan að þurfa að starfa í stjórn fyrst um sinn.

Þá hefði fundarstjóra verið falin formannsstörf en þar sem fundarstjóri hefði veikst fyrir nokkru og yrði að halda sjer heima nokkurn tíma, hefði stjórnin kallað varastjórn og nefndina á þennan fund til þess að gera grein fyrir hvað stjórnin hefði aðhafst í innflutningsmálunum.

Hann skýrði frá því að hann ásamt formanni hefði mörgum sinnum rætt þetta mál við Kaaber bankastjóra, og að ritari hefði átt tal við Jón Baldvinsson um sama efni, en nú væri komið svar frá Gjaldeyrisnefnd þess efnis að meiri leyfi fyrir vefnaðavöru yrði ekki leyfð á þessu ári.

Ingvar Sigurðsson deildi á stjórnina fyrir ódugnað hennar í þessu máli.

Ritari kom með tillögu um að en einu sinni yrði reynt að ~~reyna~~ ræða þetta mál við áhrifa menn innan Gjaldeyrisnefndar, og var það samþykkt að reyna að ná tali af þeim næsta dag, og stjórn fjelagsins falið að skrifa Gjaldeyrisnefnd og óska þess að málið yrði tekið fyrir að nýju.

Annað gerðist ekki á fundinum.

E. Ragnar Lúðvíg. Sigr. Björnsdóttir

Árni Árnason

14. Okt var fundur haldinn að Hótel Borg, með þeim sömu mönnum og mætt höfðu á fundinum 11. þ. m.

Skýrðu fundarmenn frá að þeir hver um sig hefðu fengið mjög góðar undirtektir hjá þeim Gjaldeyrisnefndar mönnum sem talað hefði verið við, en varaformaður skýrði frá að brjef fjelagsins til Gjaldeyrisnefndar hefði nefndin afgreitt málið með algjörri synjun, en aftur á móti lofað því að leyfi til vefnaðarvöru kaupmanna fyrir fyrstu 6 mánuði næsta árs yrðu afgreidd fyrir 15. nóv.

Samþykkt var að kalla saman almennan fund næsta dag.

Annað gerðist ekki á fundinum.

E. Ragnar Lúðvíg. Sigr. Björnsdóttir

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Okt. var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Í fjarveru formanns og fundarstjóra mætti varastjórn fjelagsins.

Fyrir fundinum lá brjef frá Verslunarráði um það að Verslunarþingið yrði háð í Reykjavík dagana frá 24–27. okt.

Var varaformanni falið að mæta þar fyrir hönd fjelagsins.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Ragnar Blöndal  Sigr. Björnsdóttir

[signature]

Hinn 15. Nóv. var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Var formaður nú kominn heim og fundarstjóri ostinn heill heilsu.

Var minnst á loforð það sem Gjaldeyrisnefnd hefði gefið fjelaginu um úthlutun innflutningsleyfa fyrir fyrstu 6 mánuði næsta árs fyrir 15. Nóv; var ákveðið að ná tali af formanni Gjaldeyrisnefndar eins fljótt og auðið væri, og ræða við hann um þetta mál.

Ákveðið var að kalla saman aðalfund við fyrsta tækifæri.

Annað gerðist ekki á fundinum.

[signature] Jónsson  Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal  Sigr. Björnsdóttir

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Nóv. mættist stjórn fjelagsins hjá formanni Gjaldeyrisnefndar og minntist á loforð það sem Gjaldeyrisnefnd hefði gefið fjelaginu um úthlutun innflutningsleyfa fyrir fyrri part næsta árs.

Formaður Gjaldeyrisnefndar lofaði að afgreiða málið einhvern næstu daga.

Var honum afhent brjef til Gjaldeyrisnefndar og óskað eftir að það yrði lagt fyrir næsta fund nefndarinnar.

Annað gerðist ekki á fundinum.

Jón Björnsson

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal. Sigr. Björnsdóttir

[illegible]

3. des. 1937 var haldinn stjórnarfundur að Hótel Borg. – Á fundi þessum mætti einnig varastjórn (Ásg. Gunnlaugsson og [illegible]) En Axel Ketilsson var fjarverandi.

Stjórnin skiftir þannig með sér verkum á næsta starfsári: Varaformaður Axel Ketilsson; ritari Jón Helgason; gjaldkeri Sigríður Björnsd. og fundarstjóri Ragnar H. Blöndal.

Ragnar Blöndal benti á, að nauðsynlegt væri, að talað yrði við Gjaldeyrisnefndarmenn og skifti stjórn félagsins með sér verkum til þess.

Annað gerðist ekki á fundinum.

[illegible] Jón Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. des. 1937 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Skýrði formaður frá undirtektum Gjaldeyrisnefndar-manna og gat þess að yfirleitt hafi verið vel tekið málaleit félagsins.

Ennfremur að skrifstofa Verslunarráðsins hafi í símtali spurst fyrir um hvaða vörur aðallega sé hægt að kaupa frá Þýskalandi. Var ákveðið að skrifa V.Í. bréf þessu viðvíkjandi og geta þess, að auðveldlega mætti kaupa flestar vörur frá Þýskalandi – á meðan ekki væri um frjálsan innflutning að ræða og viðskiftin bundin aðeins við 2 clearing-lönd.

Fundi slitið.

11. janúar 1938. Stjórnarfundur að Hótel Borg.

Minnst var á takmarkanir þær, sem hin nýúthlutuðu leyfi væru háð og ákveðið að taka málið til rækilegrar yfirvegunar.

Fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. janúar 1938. Stjórnarfundur að Hótel Borg.
Ákveðið var að skrifa Gjaldeyrisnefnd og mótmæla takmörkunum þeim, sem hin nýúthlutuðu leyfi voru háð og ræða við formann Gjaldeyrisnefndar um þetta mál.
Fundi slitið

Árni Árnason   Páll Helgason

8. mars 1938 héldu varaformaður og ritari fund, eftir ósk formanns, sem var erlendis. Aðrir stjórnarmeðlimir voru einnig fjarverandi. – Var Gjaldeyrisnefnd skrifað bréf og farið fram á innflutningsleyfi á vefnaðarvöru til handa fjelagsmönnum fyrir seinni hluta ársins.
Fundi slitið.

Árni Árnason   Páll Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. júní 1938. Stjórnarfundur að Hótel Borg.

Formaður gat þess að enn hefði ekki borist svar við bréfi félagsins til Gjaldeyrisnefndar, dags. 8. mars, þar sem farið er fram á innflutningsleyfi til handa félagsmönnum. Ákveðið var að skrifa Gjaldeyrisnefnd og ítreka beiðnina.

Fundi slitið.

Árni Árnason Jón Helgason

28. júní 1938. Stjórnarfundur að Hótel Borg.

Formaður lagði fram bréf Gjaldeyrisnefndar, dags. 21. þ.m., sem er svar við bréfi félagsins, dags. 8. mars. Gjaldeyrisnefnd neitar, í bréfi þessu, frekari leyfisveitingum á yfirstandandi ári. Málið rætt og sameiginlegt álit, að óheppilegt myndi að ræða um frekari innflutning við Gjaldeyrisnefnd, úr því sem komið væri, fyr en seinni part sumars.—

Ákveðið að skrifa Gjaldeyrisnefnd til þess að halda leið opinni til áframhaldandi umræðna um þetta mál.

Fundi slitið.

Árni Árnason Jón Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. júní 1938. Stjórnarfundur að Hótel Borg.

Formaður gat þess að enn hefði ekki borist svar við bréfi félagsins til Gjaldeyrisnefndar, dags. 8. mars, þar sem farið er fram á innflutningsleyfi til handa félagsmönnum. Ákveðið var að skrifa Gjaldeyrisnefnd og ítreka beiðnina.

Fundi slitið.

Árni Árnason Jón Helgason

28. júní 1938. Stjórnarfundur að Hótel Borg.

Formaður lagði fram bréf Gjaldeyrisnefndar, dags. 21. þ. m., sem er svar við bréfi félagsins, dags. 8. mars. Gjaldeyrisnefnd neitar, í bréfi þessu, frekari leyfisveitingum á yfirstandandi ári. Menn rétt og sameiginlegt álit, að óheppilegt myndi að ræða um frekari innflutning við Gjaldeyrisnefnd, úr því sem komið væri, fyr en seinni part sumars.

Ákveðið að skrifa Gjaldeyrisnefnd til þess að halda leið opinni til áframhaldandi umræðna um þetta mál.

Fundi slitið.

Árni Árnason Jón Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. júlí 1938 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg. – Á fund þenna var Félagsráð einnig boðað.

Formaður skýrði frá, að hann hefði gert margítrekaðar tilraunir síðustu vikurnar, til að ná saman fundi með félagsráði en árangurslaust. En þar sem hann taldi ekki forsvaranlegt að bíða lengur, hefði hann ákveðið þenna fund í dag, en á honum mæti aðeins einn úr félagsráði, Sigurður Z. Guðmundsson.

Vegna þess hve erfitt væri, um þenna tíma árs, að ná mönnum á fund, var ákveðið að tilkynna félagsmönnum bréflega, hvað gerst hefði í innflutningsmálunum.

Fundi slitið.

Árni Árnason    Jón Helgason

19. sept. 1938 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Umræðuefni: innflutningshöftin og neitun Gjaldeyrisnefndar um nokkurn innflutning síðari helming yfirstandandi árs.

Ákveðið að kalla saman almennan félagsfund 21. sept.

Fundi slitið.

Árni Árnason    Jón Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. okt. 1938 kl. 10 var haldinn stjórnarfundur að Hótel Borg. Á fund þenna voru boðaðir Haraldur Árnason og Jón Björnsson. Sá síðar-nefndi gat þó ekki mætt. –

Til umræðu var ádeila sú, er birtist í Tímanum og Alþýðublaðinu viðvíkjandi verðlagi á vefnaðarvöru.

Var það skoðun stjórnarinnar og Haraldar Árnasonar að ekki mætti blanda einstökum mönnum, né félaginu, inní deilu þessa, heldur ætti Verslunarráð Íslands að hafa forgöngu til andsvara.

Var ákveðið að mætast á skrifstofu Verslunarráðsins seinni hluta dagsins og tilkynna skrifstofustjóra Verslunarráðsins þessa ályktun fundarins.

Fundi slitið.

[signature] Jón Helgason

8. okt. 1938 kl. 16 mætti stjórn félagsins, ásamt Haraldi Árnasyni, á skrifstofu Verslunar-ráðsins. Var þar fyrir skrifstofustjórinn, Dr. Oddur Guðjónsson.

Var honum tilkynnt ályktun fundarins frá því um morguninn.

Fundi slitið.

[signature] Jón Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. nóv. 1938 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Lagði formaður fram bréf frá Verðlagsnefnd, dags. 9. nóv., þar sem óskað er eftir upplýsingum um verðlag og álagningu á vefnaðarvörum, ásamt almennum upplýsingum, varðandi sömu vörur.

Var ákveðið að verða við þessum tilmælum Verðlagsnefndar og samþykkt að senda nefndinni ýtarlegt bréf, varðandi þessi mál.

Fundi slitið.

Árni [signature]   Pétur Helgason

19. nóv. 1938 var stjórnarfundur haldinn að Hótel Borg.

Ákveðið að kalla saman aðalfund mánudaginn 28. nóv. nk. kl. 15. Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Innflutningshöftin. 3. Bréf Verðlagsnefndar.

Fundi slitið.

Árni [signature]   Pétur Helgason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 25. nóvember 1938, kl. 14, mætti formaður ásamt tveim öðrum úr stjórn félagsins (R.Á.B. og J.Á.) hjá formanni Gjaldeyrisnefndar, Einvarði Hallvarðss.

Skýrði formaður Gjaldeyrisnefndar frá því, að enn væri ekkert farið að ráða innflutning á næsta ári.

Stjórn félagsins benti á, að aðalfundur þess yrði haldinn næstkomandi mánudag, 28. nóv. og það minnsta, sem hún þá gæti lagt fram um innflutninginn, væri vitneskja um það, hvenær vænta mætti áætlunar svars frá Gjaldeyrisnefnd — eftir að hún (Gj. n.) væri lengi búin að lofa áætlun svari, sem hefði enn brugðist.

Lofaði formaður Gjaldeyrisnefndar því, að senda félaginu bréf á mánudag, þar sem tekið væri fram, hvenær vænta mætti áætlunar svars um innflutning fyrri hluta næsta árs.

Stjórn félagsins óskaði þess sérstaklega, að úthlutun yrði áætlun 6. des. nk., í síðasta lagi.

Fleira gerðist ekki.

[signature]

Jón Helgason

Ragnar Blöndal

Laugardaginn 26. nóvember 1938, kl. 10½, var STJÓRNARFUNDUR haldinn að Hótel Borg.

Umræðuefni var Verðlagsnefnd. —

Talin mikil vandkvæði á, og jafnvel ómögulegt að fylla út skýrslur Verðlagsnefndar, sem heimtað er fyrir 6. des. nk. —

Rætt um að kalla formann Verðlagsnefndar á fund með stjórn félagsins, til skrafs og ráðagerða um skýrslurnar. —

Ákvörðun þó engin tekin og fundi slitið. — Fleira gerðist ekki á fundinum.

[signature] Jón Helgason

Ragnar Blöndal. Sigríður Björnsdóttir.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 3. des. 1938, kl. 15, gekk formaður, ásamt tveim öðrum úr stjórn félagsins (R.H.Bl. og J.H.), á fund formanns Verðlagsnefndar á skrifstofu hans.

Stóðu viðræður til kl. 16½, og snerust um skýrslu þá, er Verðlagsnefnd hefir sent út, og ætlast er til að vefnaðarvörukaupmenn fylli út fyrir 6. des. nk., og jafnframt um álagningu á vefnaðarvörur almennt og störf Verðlagsnefndar.—

Fékk stjórn félagsins skýringar formanns Verðlagsnefndar á skýrsluformunum. Hann veitti jafnframt frest, til þess að skila skýrslunum, til 12. og 13. desember og lofaði loks að taka fyrir, á fundi Verðlagsnefndar, tilmæli stjórnar félagsins um að kaupmenn séu ekki skyldaðir að afhenda Verðlagsnefnd efnahagsreikning, svo sem ákveðið hafði verið, heldur aðeins rekstursreikning.—

Fundi slitið.

Ragnar Blöndal  Jón Helgason

Sigríður Björnsdóttir  [signature]

Föstudaginn 9. des. 1938, kl. 15 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg. Á fundinum mætti annar varastjórnarmaður, Halldór R. Gunnarsson, en hinn (Jón Björnsson) gat ekki mætt.—

Komið hafði til orða, að almennur fundur yrði kallaður saman, til þess að stjórnin gefi þar upplýsingar, varðandi skýrslu Verðlagsnefndar, sem hún fékk á fundi sínum með formanni Verðlagsnefndar.

Samþykkt var að kalla ekki saman fund, en stjórnarmeðlimir skiftu á milli sín að hringja til félagsmanna og gefa þeim umræddar skýringar á skýrslu Verðlagsnefndar, í síma.—

— — —

Ákveðið, að verkaskifting stjórnarinnar verði hin sama og síðastliðið ár: Varaformaður Axel Ketilsson, fundarstjóri Ragnar H. Blöndal, gjaldkeri Sigríður Björnsdóttir, ritari Jón Helgason.

Fleira gerðist ekki á fundinum.—

Axel Ketilsson gat ekki mætt. Hann hefir verið veikur um sex vikna skeið og liggur enn rúmfastur.

Jón Helgason

[signature]  Halldór R. Gunnarsson

Ragnar Blöndal

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 17. des. 1938 mætti formaður ásamt Ragnari Blöndal og Jóni Helgasyni hjá VALTÝ BLÖNDAL, bankastjóra Útvegsbankans, til þess að fá upplýsingar um innflutning árið 1939.— Gjaldeyrisnefnd hafði enn enga ákvörðun tekið um innflutning, nema í höfuðatriðum; þannig er ákveðið að veita sömu heildarupphæð fyrir vefnaðarvöru yfir allt árið 1939, sem var 1938, en um skiftingu alla er enn allt óráðið.—

Fundi slitið.—

[illegible]

Jón Helgason

Ragnar Blöndal

Miðvikudaginn 21. des. 1938 fór formaður, ásamt Ragnari Blöndal og Jóni Helgasyni, á fund FORMANNS GJALDEYRISNEFNDAR, til þess að fá vitneskju um, hvenær vænta mætti innflutningsleyfa fyrir næsta ár. Formaður Gjaldeyrisnefndar sagði, að enda þótt heildartölur væru þegar ákveðnar um innflutninginn, væri enn allt í óvissu um skiftingu á lönd, en til mála gæti komið, að ákvörðun um það yrði tekin fyrir áramót.—

Fundi slitið.

[illegible]

Jón Helgason

Ragnar Blöndal

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 6. janúar 1939 mætti formaður, ásamt Ragnari Blöndal og Jóni Helgasyni hjá FORMANNI GJALDEYRISNEFNDAR, til þess um að fá fregnir af innflutningi fyrir ~~[illegible]~~ árið 1939. – Gjaldeyrisnefnd hafði enn enga ákvörðun tekið um skiftingu leyfanna á lönd, hvað þá ákveðið nokkuð um hlutfallstölu kaupmanna. – Nú bíður nefndin eftir samningum við Þýskaland, en þeir eiga að fara fram í febrúar. – Sagðist formaður Gjaldeyrisnefndar, persónulega, álíta stórra fyrir kaupmenn að bíða enn jafnvel 1–2 mánuði og fá leyfin þá öll í einu, heldur en að fá einhvern hlutann (Italíu) nú þegar og afganginn seinna. – Samsinti stjórn félagsins því afdráttarlaust, en benti hinsvegar mjög ákveðið á, að veiting leyfa mætti ekki dragast úr þessu, því svo langan tíma tæki að panta vörur, sérstaklega frá Italíu, að ella kæmi þær of seint fyrir vorverslunina. Stjórnin benti ennfremur á, að nú væri ár liðið, síðan vefnaðarvörukaupmenn hefðu fengið nokkur leyfi. Formaður Gjaldeyrisnefndar lofaði að taka þetta til athugunar á fundi nefndarinnar þ. 9. þ. m., þótt engu gæti hann lofað um framkvæmdir.

Fundi slitið.

[illegible] Jón Helgason

Ragnar Blöndal

Föstudaginn 21. janúar 1939 fór formaður, ásamt Ragnari Blöndal og Jóni Helgasyni, til Hafnarfjarðar, á fund KJARTANS ÓLAFSSONAR, sem á sæti í Gjaldeyrisnefnd, og ræddu við hann um væntanlega úthlutun innflutningsleyfa. – Fundust honum rök stjórnar félagsins réttmæt og sanngjörn, þau, sem hún færði fyrir því, að vefnaðarvörukaupmenn gætu ekki beðið lengur eftir leyfum sínum, né heldur sætt sig við minni úthlutun, heldur mætti annað og yrðu helst að fá stærri leyfi nú. – Lofaði hann, að ekki skyldi standa á sínu atkvæði, vefnaðarvöru-innflytjendum í vil, ef bankarnir sæu sér fært að auka leyfin, þótt ekki gæti hann búist við breytingu frá því árið 1938. – Fundi slitið.

Jón Helgason

[illegible]

Ragnar Blöndal

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 16. febrúar 1939, kl. 15, var haldinn STJÓRNAR-
FUNDUR að Hótel Borg. Ragnar Blöndal var
utanlands en Axel Ketilsson gat nú fyrst
mætt aftur, heilsu sinnar vegna.—

Rætt var um hámarksálagninguna á
vefnaðarvörur, sem Verðlagsnefnd hefir
nú ákveðið 50% af þeim vörum, sem
keyptar eru af íslenskum birgðum en
74% af vörum, sem keyptar eru beint frá
útlöndum — fyrir smásala.— Ákveðið
að fresta umræðum um það ákvæði Verð-
lagsnefndar, að kaupmenn séu skyldir að
færa verð á fyrirliggjandi vörum, til
samræmis við nefnda hámarksálagningu,
— þangað til reglugerðin hefir verið staðfest
af Ríkisstjórninni.

Lagt fram bréf Verslunarmannafélags
Reykjavíkur, sem mælist til þess að Félag
Vefnaðarvörukaupmanna (ásamt öðrum kaup-
mannafélögum) leggi skerf til húsbyggingar
Verslunarmannafélagsins.— Samþykkt að svara
bréfinu þannig, að málaleitun þessi skuli
borin undir næsta almennan fund í F.V.

Fundi slitið.

[signature]

Jón Helgason

Axel Ketilsson

Þriðjudaginn 28. febrúar 1939, kl. 14 var haldinn
fundur í Kaupþingssalnum. Boðaði SKRIFSTOFU-
STJÓRI VERSLUNARRÁÐSINS fundinn, en
hann sátu: stjórn Verslunarmannafélags Reykja-
víkur og fulltrúar frá Fél. vefnaðarvörukaupm.,
Fél. skókaupmanna, Fél. matvörukaupm., Fél.
kjötverslana, Kaupmannafél. Hafnarfjarðar og Fél.
ísl. stórkaupmanna.

Rætt var um breytingu á lokunartíma verslana
á föstudögum.—

Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafði í
haust mælst til þess, að kaupmenn gengju inn á
breytingu, þannig, að lokað yrði á föstudögum kl.
19 í stað 20.— Um þetta var gerð samþykkt á
almennum fundi félags vors hinn 21. sept. 1938.—

Nú bar stjórn Verslunf. Rv. fram nýja tillögu,
(en ekkert hefir gerst í málinu í vetur).— Hún var sú,
að lokað verði á föstudögum kl. 19, frá 15. maí til
15. sept, en á öðrum tíma árs, sömu daga, kl. 18.—
Aðeins matvörukaupmenn og kjötkaupmenn höfðu
umboð, til þess að gera samþykktir um þennan
tíma, þó svo, að opið væri til kl. 20, sumartímann.—

Vék stjórn Verslunf. Rv. nú af fundi.— Vefnaðar-
vörukaupm. og skósalar lögðu til að lokað yrði
kl. 20 á föstudögum, 15. maí til 15. sept., til sam-
komulags við matkpm. og kjötsala, en ~~[illegible]~~
kl. 19 aðra föstudaga.—

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var nú samþykkt, að reyna að fá samþykki viðkomandi félaga, til þess að sameinast yrði um kl. 20 yfir sumartímann en kl. 19 vetrarmánuðina.

Síðan yrði mætt á fundi nk. fimmtudag kl. 14, á sama stað, en kl. 14½ kæmi stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur, til þess að heyra niðurstöður.

Fleira gerðist ekki.–

[signature]

Jón Helgason

Axel Ketilsson

Fimmtudaginn 2. mars 1939, kl. 14, mætti Jón Helgason, sem fulltrúi stjórnar félags vefnaðarvörukaupmanna, á fundi í KAUPÞINGSSALNUM.

Voru þar aftur mættir fulltrúar sömu kaupmannafélaga, sem á fundinum 28. febrúar, ásamt skrifstofustjóra Verslunarráðsins.

Var samþykkt tillaga um, að búðir skyldu lokaðar á föstudögum kl. 19, vetrarmánuðina, en kl. 20, sumarmánuðina.–

Þá komu á fundinn fulltrúar Verslunarmannafélags Reykjavík og var tillagan birt þeim.– Taldi formaður þess félags að verslunarmönnum mundi þykja hér of skammt gengið og taldi tilgangslaust að reyna að mæla með tillögu kaupmanna innan félags síns, enda sjálfur mótfallinn öðru, en að lokað yrði kl. 18 að vetri. Til samkomulags mundi félag hans ganga inn á lokun kl. 20 að sumri (en þeirra tillaga var upphaflega kl. 19 að sumri) – allt miðað við föstudaga.

Stakk formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur uppá, að atkvæði yrðu látin skera úr um það innan viðkomandi kaupmannafélaga, hvort samkomulag gæti ekki orðið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um tímann kl. 18 og kl. 20.—

Lofuðu fulltrúar allra kaupmanna-félaganna, að svo skyldi gert fljótlega, og mæta síðan á fundi með stjórn Verslunarfélags Reykjavíkur fimmtudaginn 9. mars kl. 14, á sama stað, og birta þar niðurstöður, hver frá sínu félagi.

Fleira gerðist ekki.

Jón Helgason

Laugardaginn 4. mars 1939, kl. 15, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.

Rætt var um tillögu Verslunarmannafélags Reykjavíkur, um lokunartíma verslana á föstudögum, og samþykkt, að kalla saman almennan fund félagsmanna næstkomandi þriðjudag, til þess þar að fá atkvæðagreiðslu um tillöguna. — Fundi slitið.

[illegible]

Jón Helgason

[illegible]

Fimtudaginn 9. mars 1939, mættu undirritaðir úr stjórn félagsins, kl. 14, í KAUPÞINGSSALNUM, ásamt sömu fulltrúum, sem þar mættu á fundi 2. mars sl.

Voru lagðar fram samþykktir félaganna um búðarlokun á föstudögum.

Vefnaðarvörukaupmenn og matvörukaupmenn höfðu samþykkt lokunina kl. 6 og 8. Skósalar höfðu fjórum dögum fyrr samþykkt kl. 7 og 8 og vildu ekki breyta sinni samþykkt en töldu sig fúsa til þess að fylgja meiri hlutanum. Kjötkaupmenn höfðu fellt lokunina kl. 6 og 8 með 4 atkv. gegn 4. – Það upplýstist þó þegar að mikill meiri hluti kjötkaupmanna í félaginu var fylgjandi lokuninni 6 og 8, þótt ekki hefðu þeir mætt á fundi sínum. –

Varð niðurstaðan sú, að stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur, en formaður þess félags hafði nú komið inn á fundinn, skyldi skrifa Bæjarráði bréf um breytingu á föstudagslokun í kl. 6 og 8, þar sem meiri hluti kaupmanna þeirra, sem félagsbundnir eru, eru því samþykkir, – sennilega um 90%. – Fleira gerðist ekki.

[signature]　　　Jón Helgason

Þriðjudaginn 14. mars 1939 var STJÓRNARFUNDUR haldinn í skrifstofu Axels Ketilssonar. Mættir voru Axel Ketilsson og Jón Helgason en formaður, er var veikur, tók þátt í fundarstörfunum í gegnum síma. – S.B. er veikur en K. Bl. erlendis.

Samþykkt var, að senda Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins bréf, út af hinum sterka orðrómi um það, að hugsanlegt sé að Sjálfstæðisflokkurinn gangi í þjóðstjórn með andstöðuflokkum sínum. – Var samþykkt, að taka fram í bréfi þessu, hve áberandi það væri, að gjaldeyrishöftin næðu ekki tilgangi sínum og ekki væri sjáanlegt að annar árangur hefði orðið af þeim en að innflutningur væri fluttur af höndum kaupmanna til kaupfélaganna. – Benda á dæmi, um framkvæmd innflutningshaftanna síðastliðið ár og undirstrika loks, að skora á Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, að taka því aðeins þátt í fyrirhugaðri þjóðstjórn, að flokkurinn fái full umráð yfir verslunarmálunum og fulla aðstöðu til þess að afnema öll höftin, hverjar ráðstafanir, svo sem yrðu samþykktar til viðreisnar sjávarútveginum. – Bréfið var ritað, og afhent ritara miðstjórnarinnar, samdægurs.

Fleira gerðist ekki.

Jón Helgason

[signature]　　　Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 29. mars 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg. – Voru mættir 3 úr stjórn og varastjórnarmenn báðir. –

Lagt fram lagafrumvarp, fyrir félagasamband smásöluverslana, eins og fulltrúar frá stjórnum smásölufélaganna höfðu gengið frá því. – Samþykkt að kalla saman almennan fund nk. föstudag kl. 15, til þess að leggja fyrir hann framangreint lagafrumvarp. –

Samþykkt að senda formanni Sjálfstæðisflokksins sameiginlegt bréf með stjórnum Fél. matvörukaupmanna, Fél. ísl. stórkaupmanna og Fél. kjötverslana með kröfu um að Sjálfstæðisflokkurinn myndi samsteypustjórn aðeins á þeim grundvelli að hann fái þar verslunarmálin í sínar hendur. –

Bréfið sent í dag, ásamt afriti af því til allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Fleira gerðist ekki.

Jón Helgason

Árni Árnason  Axel Ketilsson

Fimmtudaginn 30. mars 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR á skrifstofu Axels Ketilssonar.

Lagt fram símskeyti, sem formanni hafði seint í gærkvöldi borist frá Ólafi Thors, formanni Sjálfstæðisflokksins. –

Samþykkt að svara því í dag, sameiginlega með stjórnum félaganna, sem getið var í fundargerð í gær. –

Árni Árnason  Jón Helgason

Axel Ketilsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 3. apríl 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR í skrifstofu Axels Ketilssonar.

Samþykkt að tilnefna Pál Helgason sem fulltrúa, ásamt formanni, í Félagasamband Smásöluverslana, en Axel Ketilsson og Ragnar A. Blöndal, sem varafulltrúa.—

Fleira gerðist ekki.

Páll Helgason

[illegible]

Axel Ketilsson

Miðvikudaginn 12. apríl 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.

Á fundinum mætti dr. Oddur Guðjónsson til þess að ræða um fyrirætlanir Verðlagsnefndar við stjórn félagsins.—

Samþykkt að skrifa lögreglustjóra út af útsölum hjá vefnaðarvöruverslunum, utan hins leyfða útsölutíma og mælast til þess að hann hafi strangara eftirlit með útsölunum.—

Samþykkt að senda félagsmönnum umburðarbréf og skora á þá að fjölmenna á Ársþing Verslunarráðsins um næstu helgi.—

Rætt um að gera ráðstafanir um afnám afsláttar og lánsverslunar og samþykkt að taka það til athugunar fljótlega.—

Ákveðið að hafa tal af eftirlitsmanni lögreglustjóra með verslunarleyfum til þess að fá upplýsingar um hinar ýmsu saumastofur, sem reka nú orðið verslanir hér í bæ.—

Fundi slitið.

Páll Helgason

Ragnar Blöndal

Axel Ketilsson

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 13. apríl 1939 mætti stjórn félagsins kl. 10 á fundi hjá SKRIFSTOFUSTJÓRA VERSLUNARRÁÐSINS, hr. Oddi Guðjónssyni, og heyrði ráðagerðir og tillögur hans um breytingu á hámarksálagningu á vefnaðarvörum, sem ákveðið er að samþykkt verði gerð um seinna í dag, á fundi Verðlagsnefndar.

Vóru ræddir allir hugsanlegir möguleikar til þess, að fá þá hámarksálagningu sem nú er (16% í heildsölu, 50% af heildsölum og 74%, þegar keypt er beint frá útlöndum), sem minnst lækkaða.—

Annað var ekki rætt.

[signature] [signature]

[signature] Axel Ketilsson

Fimmtudaginn 13. apríl 1939, kl. 14, mætti stjórn félagsins á fundi með EFTIRLITSMANNI lögreglustjóra með VERSLUNARLEYFUM, hr. Ólafi Gunnlaugssyni, að Hótel Borg.—

Gaf hann skýrslu um nokkurn hluta rannsóknar sinnar, er sýnir að ýmsar saumastofur selja annan varning og þeim er heimilt, án þess að hafa til þess verslunarleyfi eða jafnvel réttindi til þess að öðlast slíkt leyfi.—

Var samþykkt að skrifa lögreglustjóra og hvetja hann til þess að beita ákvæðum laga, gagnvart þeim, er réttindalaust versla og bera fyrir samtal við Ólaf Gunnlaugsson, sem hann var samþykkur.—

Fleira gerðist ekki.

[signature] [signature]

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 15. apríl 1939 var haldinn
STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.–

Samþykkt að kalla saman almennan félagsfund þriðjudaginn 18. apríl nk. kl. 15, að Hótel Borg, til þess að ræða um

1. Afnám afsláttar og
2. Verðlagsnefnd,

auk annara mála, sem upp kynnu að verða borin.

Fleira gerðist ekki.

[signature] Jón Helgason

Ragnar Blöndal Axel Ketilsson

Þriðjudaginn 25. apríl 1939 var haldinn
STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.–

Samþykkt að birta eftirfarandi auglýsingu í 2-3 dagblöðum bæjarins:

„Fél. vefnaðarvkpm.
Reykjavík. TILKYNNING.

Vegna hins mjög takmarkaða innflutnings og sívaxandi verslunarörðugleika hefir félag vort samþykkt að afnema allan afslátt í smásölu, frá 1. maí 1939. STJÓRNIN."

Ennfremur samþykkt, að láta prenta 5000 eintök af sömu tilkynningu, sem afhendist félagsmönnum endurgjaldslaust.–

Samþykkt að athuga möguleika á því, ~~að~~ hvort hægt sé að fá til leiðar komið leiðréttingu á ákvæði Verðlagsnefndar um afslátt af innkeyptum vörum, þannig að álagningu megi miða við brúttó-innkaupsverð.

Fundi slitið.

[signature] Jón Helgason

Axel Ketilsson Ragnar Blöndal

Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 15. maí 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.–

1. Formaður leggur fram bréf frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og skýrir frá fundi, sem hann var boðaður á síðastliðinn miðvikudag, þar sem var „til umræðu stofnun hlutafélags til húsbyggingar fyrir verslunarstéttina," eins og komist er að orði í bréfi Verslunfél. Rv.– Á nefndum fundi voru mættir fulltrúar frá Verslunfél. Rvíkur og ýmsum sérgreinarfélögum kaupmanna og varð þar að samkomulagi að þessir aðilar legðu þetta mál fyrir stjórnir viðkomandi félaga og birtu svo ályktanir þeirra á öðrum sameiginlegum fundi næstkomandi miðvikudag, 17. maí.– En málið er skýrt algjörlega í bréfi, lagauppkasti og samningsuppkasti, er formaður lagði fram, frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.–

Málið var rætt talsvert.–

2. Sigurður Guðmundsson, dömuklæðskeri, sækir um inngöngu í félagið.– Var það samþykkt með öllum atkvæðum.–

Fundi slitið.

Jón Helgason

[signature]

Axel Ketilsson Ragnar Blöndal [illegible] P. Gunnarsson

Þriðjudaginn 23. maí 1939, kl. 10, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.–

Rætt um tilmæli, sem fram höfðu komið frá Hagstofustjóra, þess efnis, að stjórn félagsins veitti aðstoð sína, til þess að finna verðlagsbreytingar á vefnaðarvöru. Ákveðið að fá Hagstofustjóra á fund stjórnarinnar og það reynt strax, en tókst ekki, en ákveðið að fá hann á fund seinna í dag og ræða við hann um hugsanlegt fyrirkomulag á Statistik fyrir vefnaðarvöru.–

Fundi slitið.

Jón Helgason

[signature]

Axel Ketilsson Ragnar Blöndal

[illegible] P. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 27. maí 1939 kl. 13½ var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.

Umræðuefni var beiðni Hagstofustjóra um skýrsluform fyrir verðlag á vefnaðarvöru. – Var skýrsluformið samþykkt til þess að afhendast hagstofustjóra.

Fundi slitið.

Árni Árnason  Þ. Helgason

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal  Hallur P. Gunnarsson

Fimtudaginn 1. júní 1939, kl. 15, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg. –

Rætt um möguleika fyrir því að fá smávörur eða nokkurn hluta smávöru, svo sem tvinna, á „frílista“. – Samþykkt að hafa tal af Ólafi Thórs, atvinnumálaráðherra, sem vegna fjarveru fjármálaráðherra gegnir embætti hans um stundarsakir og vegna að fá hann til þess að fá samþykkta smávöru á frílista. – Formaður hefir þegar haft tal af Jakob Möller fjármálaráðherra, um þetta, sem tók vel í málið. –

Formanni falið að útvega fullnægjandi upplýsingar um innflutning á smávöru undanfarin ár, áður en stjórn félagsins fer á fund ráðherra. –

Fundi slitið.

Árni Árnason  Þ. Helgason

Axel Ketilsson  Ragnar Blöndal

Hallur P. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 7. júní 1939, kl. 11, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.

Formaður og Ragnar Blöndal skýrðu frá því, að þeir hefðu farið á fund Ólafs Thors, atvinnumálaráðherra og mælst til þess að hann reyndi að fá tvinna og aðra smávöru á „frílista". — Tók hann, fyrir sitt leyti, mjög vel í það, þótt hann jafnframt gerði að sjálfsögðu ráð fyrir að slík málaleitun myndi mæta mótspyrnu hjá samstarfsmönnum hans í ríkisstjórninni. — Hafa ofannefndir stjórnarmeðlimir félagsins þegar fullgert nákvæma innflutningsskýrslu yfir smávöru og tvinna frá því árið 1928, sem þeir ætla að leggja fyrir atvinnumálaráðherra, sem gegnir störfum fjármálaráðherra í fjarveru hans. —

Var stjórn félagsins á einu máli um það, að Verslunarráðið hefði mjög brugðist skyldu sinni gagnvart vefnaðarvörukaupmönnum, þegar „frílistinn" var samþykktur nú nýlega, að gera enga tilraun til þess að koma þar að nánum vörum, sem vefnaðarvörukaupmenn versla með og hafa ekki einusinni tal af stjórn félagsins um þetta mál, áður en listinn var samþykktur af ríkisstjórninni. —

Var ákveðið að stjórn félagsins fylgdi þessu máli eins fast eftir og frekast er hægt.

Fundi slitið.

[signature]

Þ. Helgason

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 6. sept. 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hlé í Mosfellssveit.

Aðalumræðuefni var hið nýja ástand, sem skapast hefir vegna styrjaldarinnar.

Stjórn félagsins hefir undanfarið margsinnis átt tal við Ólaf Thors atvinnumálaráðherra og nú síðast í gær um möguleika á því, að vefnaðarvörukaupmenn fái frjálsar hendur til þess að reyna að ná kaupum á vefnaðarvörum. Tók ráðherra vel í það fyrir sitt leyti og óskaði eftir bréfi frá félaginu um þá málaleitun. — Samþykkt að senda atvinnumálaráðherra bréf í dag.

Fundi slitið.

Páll Helgason

Árni Árnason

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal

Halldór R. Gunnarsson

Föstudaginn 8. september 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg. —

Á fundinum mætti Haraldur Árnason, fulltrúi vefnaðarvörukaupmanna í Verzlunarráði Íslands. —

Rætt var um væntanlegt fyrirkomulag vefnaðarvöruverzlunar í næstu framtíð, verslun við Ameríku o.þ.h. —

Engin ályktun gerð en samþykktur fundur að nýju á mánudag, kl. 3.

Árni Árnason

Páll Helgason

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal

Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 11. september 1939 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg. —

Umræðuefni var væntanleg stofnun Samlags íslenskra innflytjenda, sem nokkrir stórkaupmenn, meðlimir Verslunarráðs Íslands, gangast nú fyrir.

Á fundinum mætti Haraldur Árnason og lagði fram lagafrumvarp Samlagsins.

Sá stjórn félagsins ástæðu til þess að gera athugasemd við 12. grein frumvarpsins og óskaði eftir því við Harald Árnason að hann leitaðist við að fá þeirri grein breytt í eftirfarandi form:

„Samlagið getur tekið að sér innflutning fleiri vörutegunda en þeirra, sem að framan greinir, en þó því aðeins að fram komi óskir um það frá viðkomandi aðiljum eða félagsdeildum og þá með samþykki þeirra um fyrirkomulag á hlutdeild í samlaginu.“ —

Fundi slitið.

Árni Árnason Páll Helgason

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal Halldór R. Gunnarsson

Miðvikudaginn 13. september 1939 kl. 15 var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg. —

Formaður skýrði frá því, að hann hefði fengið svar frá Ólafi Thors, atvinnumálaráðherra, við bréfi félagsins dags. 6. sept., en hann sagði að ennþá væri engin ákvörðun tekin um málaleitun okkar, vegna mjög mikilla og ennþá meiri aðkallandi anna hjá ríkisstjórninni. — Ráðherrann lofaði þó að gefa nánari upplýsingar fljótlega.

Þá var rætt um framtíðarfyrirkomulag á innflutningi vefnaðarvöru til landsins en engin ákvörðun tekin, að svo stöddu. —

Árni Árnason Páll Helgason

Axel Ketilsson Ragnar Blöndal

Halldór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 27. september 1939, kl. 15, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.—

Rætt um „Álit milliþinganefndar í skatta- og tollamálum", sem Verzlunarráðið hefir afhent stjórn félagsins til athugunar og umsagnar.

Samþykkt að gera uppkast að auglýsingu um takmörkun lánsverslunar og leggja fyrir almennan félagsfund á næstunni.—

Samþykkt að taka til greina ósk Ásgeirs G. Gunnlaugssonar um úrsögn hans úr félaginu.

Ákveðið að stjórn félagsins fari á fund formanns Gjaldeyrisnefndar og ræði um innflutning á vefnaðarvörum.—

Fundi slitið.

[illegible] Helgason

Árni Árnason Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal Halldór R. Gunnarsson

Mánudaginn 2. október 1939, kl. 15, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.—

Fyrst var til umræðu tollafrumvarpið, sem rætt var um á síðasta fundi. Samþykkt að fara nákvæmlega í gegn um alla liði vefnaðarvöru í frumvarpinu er hingað til hafa einstakir stjórnarmeðlimir haft það til athugunar.—

Þá var samþykkt, að leggja eftirfarandi auglýsingu fyrir félagsmenn:

TILKYNNING

„Samkvæmt samþykkt í félagi voru seljum vér aðeins gegn staðgreiðslu frá deginum í dag að telja.
Eldri viðskiftamenn geta þó haldið mánaðarviðskiftum, eins og áður, með því skilyrði að reikningar séu að fullu greiddir fyrir 10. næsta mánaðar eftir úttekt.—

Félag vefnaðarvörukaupm."

Leitað sé skriflegs samþykkis félagsmanna og fram tekið að „óski menn að veita lengri gjaldfrest, en auglýsingin ákveður, er hverjum í sjálfsvald sett að semja um það sérstaklega í hverju einstöku tilfelli við

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðskiptamanninum."
Fundi slitið.

Jón Helgason
Árni Árnason
Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal
Hallþór R. Gunnarsson

mánudaginn 9. október 1939 fór öll stjórn félagsins á fund FORMANNS GJALDEYRIS-NEFNDAR.

Mæltist stjórnin til þess við formanninn, að vefnaðarvörukaupmenn fengju nú þegar leyfi gjaldeyrisnefndar til þess að gera tilraunir með innkaup á vefnaðarvörum, þar eð erfiðleikar á aðflutningi til landsins aukast daglega og sama máli gildir um hækkun vöruverðs. — Þótt enn væri hugsanlegt, að takast mætti að fá vefnaðarvörur frá Þýskalandi eða Ítalíu, væri eins líklegt, að allir möguleikar til þess væri algjörlega útilokaðir innan skamms tíma.

Formaður gjaldeyrisnefndar tók þessari málaleitun mjög dauflega og taldi tilgangslaust að ympra á þessu á fundi gjaldeyrisnefndar. Hann sagði að ekkert gerði til, þótt félagið skrifaði nefndinni, en taldi það þó þýðingarlaust.

Jón Helgason
Árni Árnason
Axel Ketilsson
Ragnar Blöndal
Hallþór R. Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 14. október 1939, kl. 15, var haldinn STJÓRNARFUNDUR að Hótel Borg.—

Til umræðu var ennþá „Álit milliþinganefndar í skatta- og tollamálum", og var gerður ítarlegur samanburður á ýmsum toll-liðum.

Samþykkt að hafa tal af fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í milliþinganefndinni, Magnúsi Jónssyni, prófessor, eftir enn nánari athugun á álitinu.—

Fundi slitið.

[illegible] Helgason

[illegible]

Axel Ketilsson

Ragnar Blöndal

Halld. R. Gunnarsson

| | | A. K. | A. Á. | H. G. | J. H. | R. B. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | 1939 12. des. | × | | | | | |
| 2. | 1940 6. jan. | | × | | | | |
| 3. | 24. – | | | × | | | |
| 4. | 31. – | | | | × | | |
| 5. | 1. febr. | | | | | × | |
| 6. | 13. – | × | | | | | |
| 7. | 4. mars | | × | | | | |
| 8. | 12. – | | | × | | | |
| 9. | 18. – | | | | × | | |
| 10. | 28. – | × | | | | | |
| 11. | 27. apr. | | | | | × | |
| 12. | 6. maí | | × | | | | |
| 13. | 9. – | | | × | | | |
| 14. | 17. – | | | | × | | |
| 15. | 19. júní | | | | | × | |
| 16. | 28. – | × | | | | | Ekki fundur. Halld. R. Gunnarsson |
| 17. | 26. júlí | | × | | | | |
| 18. | 26. ág. | | | × | | | |
| 19. | 11. sept. | × | | | | | |
| 20. | 12. – | | | | × | | |
| 21. | 18. – | | | | | × | |
| 22. | 9. okt. | | × | | | | |
| 23. | 18. – | | | × | | | |
| 24. | 21. – | | | | × | | |
| 25. | 18. nóv. | | | | | × | |
| 26. | 25. – | × | | | | | |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lau
ST.J

þi
va
tol

Sja
m
n

| | | A. K. | Á. Á. | H. G. | J. H. | R. B. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1940. | | | | | |
| 27. | 8. des. | | X | | | |
| 28. | 13. – | | | X | | |
| | 1941. | | | | | |
| 1. | 3. jan. | | | | X | |
| 2. | 11. – | | | | | X |
| 3. | 18. – | X | | | | |
| 4. | 22. – | | X | | | |
| 5. | 14. mars | | | X | | |
| 6. | 19. – | | | | X | |
| 7. | 18. apr. | | | | | X |
| 8. | 26. maí | S.B.S. X | | | | |
| 9. | 3. júní | | X | | | |
| 10. | 22. júlí | | | X | | |
| 11. | 11. ág. | | | | X | |
| 12. | 17. okt. | X | | | | |
| 13. | 13. nóv. | | | | | X |
| 14. | 6. des. | | X | | | |
| 15. | 11. – | | | X | | |
| | 1942. | | | | | |
| 1. | 3. jan. | | | | X | |
| 2. | 13. febr. | | | | | X |
| 3. | 18. mars | X | | | | |
| 4. | 1. apr. | | X | | | |
| 5. | 15. – | | | X | | |
| 6. | 5. júní | | | | X | |
| 7. | 1. júlí | | | | | X |

| | 1942: | S.B. S. | Á. Á. | H. G. | J. H. | R. B. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8. | 26. ág. | X | | | | |
| 9. | 31. – | | X | | | |
| 10. | 2. sept. | | | X | | |
| 11. | 16. – | | | | X | |
| 12. | 11. nóv. | | | | | X |
| 13. | 18. – | X | | | | |
| 14. | 4. des. | | X | | | |
| | 1943. | | | | | |
| 1. | 4. jan. | | | X | | |
| 2. | 23. – | | | | X | |
| 3. | 11. mars | | | | | X |
| 4. | 5. maí | X | | | | |
| 5. | 24. – | | X | | | |
| 6. | 7. júní | | X | | | |
| 7. | 3. ág. | | | | X | |
| 8. | 20. sept. | | | X | | |
| 9. | 29. – | | | | | H.Á. X |
| 10. | 3. nóv. | X | | | | |
| 11. | 29. – | | | X | | |
| 12. | 6. des. | | | | X | |
| | 1944 | | | | | |
| 1. | 24. jan. | | | | | X |
| 2. | 25. febr. | | | | X | |
| 3. | 17. apr. | X | | | | |
| 4. | 9. maí | | X | | | |
| 5. | 23. – | | | X | | |
| 6. | 18. sept. | | | | | X |

№ 54038/18

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur